



PISTILL FORMANNS	4
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	6
SAMTÖKIN Í TÖLUM	8
VIÐBURÐAANNÁLL	9
NÝ STEFNUMÓTUN SAMTAKANNA '78 2026–	11
ALÞJÓÐASTARF	14
Regnbogakortið og transréttindakort TGEU	
Pride ráðstefna í Færeyjum	
Samstarfsverkefni með Eistlandi	
Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna	
Fundur um stöðu réttinda trans barna og ungmenna í Evrópu	
Ráðstefna á vegum EL*C í Róm	
World Pride	
Baltic Pride	
Budapest Pride	
Ráðstefna EPATH	
ILGA Europe	
Norðurlandasamstarf	
Málstofa um opinbera gagnaöflun	
NELFA	
EL*C	
Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR)	
Samstarfsverkefni um fjölskyldur	
Samstarfsverkefni um áhrif samfélagsmiðla	
FÉLAGSSTARF	22
Félagatal, félagsgjöld og félagsskírteini	
Starfsemi í Regnbogasál	
Bókaklúbbur	
Betra seint en aldrei	
Foreldra- og regnbogafjölskyldumorgnar	
Öldungadeildin (60+)	
Landsþing hinsegin fólks	
Samtökin '78 á Hinsegin dögum	
Ungmennastarf 10–12 ára og 13–15 ára	
Umbótaaðgerðir	
Fagstarfið	
Ungmennahús Samtakanna '78	
FRÆÐSLUSTARF OG HINSEGIN VOTTUN	30
Tölulegar upplýsingar	
Fræðsluteymi	
Hinsegin vottun	
Framtíð fræðslunnar	
Sértæk fræðsluerindi	
Gagnræðunámskeið	
Útgáfa fræðsluefnis	

HAGSMUNA- OG MANNRÉTTINDABARÁTTA**33**

Greinaskrif starfsfólks og stjórnar
 Yfirlýsingar stjórnar
 Aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks
 Hagsmunagæsla innan málaflokka
 Málefni eldra hinsegin fólks
 Heilsa og líðan hinsegin fólks
 Samskipti við félög
 Samskipti við stofnanir
 Samskipti við ráðuneyti
 Umsagnir til Alþingis
 Könnun um viðhorf til hinsegin fólks
 Skráning á alvarlegum atvikum
 Kærur og lögreglumál

MENNING OG SAGA**42**

Þrettándagleði í Safnahúsinu
 Samstarf við leikhópinn Startabendu
 Kynjaþing: Anti-gender hreyfingin á Íslandi
 Fjallabak: Hátíðarforsýning
 Hamingjuhlaup
 Heiðursmerki Samtakanna '78
 Tákn um kynhlutlaus rými
 Kvennaverkfallið 24. október
 Hýrasta jólatréð
 Dagur íslenskrar tungu – heiðursviðurkenning

RÁÐGJÖF**47**

Markmið ráðgjafarstarfsins
 Ráðgjafateymi
 Notendur þjónustunnar
 Skjólstæðingar sem leita að alþjóðlegri vernd
 Tölfræði ársins 2025
 Stuðningshópar og námskeið
 Hópur fyrir 13–17 ára
 Hópur fyrir 18 ára og eldra trans fólk
 Hópur fyrir hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd
 Hópur fyrir aðstandendur
 Hópur fyrir fjölkæra
 Regnbogastund
 Sjálfstyrkingarnámskeið með listaívafi
 Opnar listasmiðjur
 Heilsa og styrkur
 Lögfræðiráðgjöf
 Þróun ráðgjafaþjónustunnar
 Framtíð ráðgjafaþjónustunnar

SKRIFSTOFA, FJÁRMÁL OG REKSTUR**56**

Samningar við hið opinbera
 Þróun samninga og rekstrartekna
 Regnbogavinir Samtakanna '78
 Aðrir styrkir og samstarfsaðilar
 Hinsegin kaupfélagið

Bókhald, ferlar og gagnsæi
Starfsfólk og verktakar
Starfsnemar á skrifstofu
Húsnæðismál
Heimasíða og samfélagsmiðlar
Komandi rekstrarár

STJÓRN, FÉLÖG, RÁÐ OG NEFNDIR _____ 59

Aðalfundur 2025
Félagsfundir
Stjórn og áheyrnarfulltrúar
Félagaráð
Minningarorð
Hagsmunaráð
Ungmennaráð
Félagslegir skoðunarmenn reikninga
Fagråd Samtakanna '78

HAGSMUNAFÉLÖG _____ 62

Hinsegin dagar – Reykjavík Pride
Trans Ísland
Bangsafélagið
Hinsegin Vesturland
Hinsegin kórinn
Ásar á Íslandi
BDSM á Íslandi
Q-félagið
Intersex Ísland
Önnur hagsmunafélög

VIÐAUKAR _____ 66

Fjölmiðlaskýrsla
Yfirlit fræðsluerinda
Ársreikningur



Kæru félagar!

Ársskýrsla fyrir árið 2025 er tilbúin. Gjörð svo vel! Flettið í gegnum hana, staldrið við þar sem eitthvað vekur áhuga ykkar. Þetta er félagið ykkar, samtökin ykkar og starfið kemur ykkur við.

Fyrir hálfri öld voru hommar og lesbíur nær ósýnileg í íslensku samfélagi. Stöku slúðursaga og hvísl kannski, en varla meira en það. Þegar litið er til baka virðist það hafa breyst á nær augabragði við stofnun Samtakanna '78, þó svo að í reynd hafi það tekið einhver ár. Hommar og lesbíur voru ekki lengur í felum og íslenskt samfélag gat ekki lengur litið undan. Nánast frá fyrstu stundu var sterkt ákall frá framhaldsskólanemum um fræðslu. Þörfin var uppsöfnuð og sterk og árið 1980 hóf félagsfólk að heimsækja framhaldsskóla og segja frá sér og lífi sínu. Allar götur síðan hefur ákallið um fræðslu verið stöðugt og hávært og hafa samtökin lagt ríflega sín lóð á vogar-skálarnar til að svara því kalli. Það var nauðsynlegt því fræðsluna var ekki að fá annars staðar.

Þrátt fyrir að samtökin hafi brugðist við brýnni þörf samfélagsins fyrir fræðslu, og seinna ráðgjöf, og gert það af miklum metnaði og fagmennsku, er skýrt að slík þjónusta á í grunninn að vera á ábyrgð stjórnvalda. Það er hlutverk hins opinbera að tryggja að hinsegin fólk hafi aðgengi að viðeigandi og faglegri þjónustu innan opinberra stofnana og kerfa. Það verður að tryggja að hinsegin fólk sem leitar í ráðgjöf, svo sem til sálfræðinga, geðlækna og félagsráðgjafa, fái þjónustu sem byggir á þekkingu og skilningi á hinseginleikanum. Reynslan sýnir þó að það getur reynst erfitt að finna ráðgjafa sem búa yfir þeirri sérþekkingu og hæfni. Þetta getur leitt til þess að fólk upplifi skilningsleysi eða jafnvel fordóma í stað stuðnings. Það er auðvitað óásættanlegt og undirstrikar enn frekar ábyrgð stjórnvalda að tryggja menntun, fræðslu og faglega þróun innan kerfisins. Þá ber stjórnvöldum jafnframt að sjá til þess að hinsegin fræðsla sé sjálfsagður hluti af námi barna og ungmenna í skólum, í samræmi við ákvæði jafnréttislaga og aðalnámskrár. Fræðslustarfsemi samtakanna er vönduð og fagleg en hún er ekki nóg og verður ekki nóg fyrr en hvert barn sér sig og fjölskyldu sína endurspeglast í námsefni skólanna.

Markmið samtakanna er fyrst og fremst að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi og því markmiði höfum við unnið að með ráð og dáð síðustu fimm áratugi. Við höfum gert það með því að mótmæla, með því að úta á stjórnvöld, með því að mæta í viðtöl og umræðuþætti og með því að fræða í skólum og á vinnustöðum. Við höfum gert það og um leið minnt stjórnvöld á hlutverk sitt gagnvart öllum sínum borgurum – líka hinsegin fólki.

Við vitum að veröldin í kringum okkur hefur breyst. Á síðustu misserum höfum við séð harðnandi orðræðu og skipulagða atögu að réttindum hinsegin fólks víða um heim, og þær hugmyndir hafa ratað hingað líka. Pólitísk öfl hafa í vaxandi mæli gert málefni hinsegin fólks að bitbeini í eigin þágu og það er þróun sem við tökum alvarlega. Það er því mikilvægt að við minnum stjórnvöld á hlutverk sitt og skyldur gagnvart þeim stóra hóp samfélagsins sem er hinsegin, og gefum ekkert eftir í þeim efnum. Samtökin '78 eru, og eiga að vera, bæði skjól og málsvari alls hinsegin fólks á Íslandi.

Ég vil þakka starfsfólki og stjórn fyrir þrautseigju og fagmennsku á umbrotatímum – þið sem alltaf standið vaktina af ábyrgð og festu. Jafnframt vil ég þakka ykkur öllum sem látið ykkur málefni okkar varða; félagsfólk, sjálfbóðaliðar og samfélagið allt. Hvatning ykkar, traust og stuðningur gefa okkur kraft þegar á móti blæs. Við höldum ótrauð áfram.

Ykkar,
Bjarndís



Kæru vinir.

Þegar ég lít til baka yfir starfsárið er ég þakklátur þeirri samstöðu og þéttni sem ríkir innan hinsegin samfélagsins. Við höfum um nokkra hríð þurft að horfa upp á þróun í íslenskri umræðu sem sannarlega ber ekki öllum gott vitni. Umræða, sem hefur færst frá myrkum hliðum kommentakerfanna og inn í helstu þætti íslenskra fjölmiðla, nokkuð óvænt. En þessi umræða er ekki fordæmalaus. Hinsegin samfélagið þekkir vel þá sögu, þegar fjölmiðlar hleyptu í loftið ákveðnum einstaklingum til að ræða tilveru okkar og réttindi. Þá, sem nú, stóð hinsegin samfélagið þétt saman gegn þeirri orðræðu og vann sigur með kærleika og mannhelgi að vopni.

Samtökin '78 eru enda löngu komin af fermingaráldri og farin að þola brotsjóinn vel. Við höldum gleðinni í fyrirrími á undangengnu ári með fjölbreyttu og vel heppnuðu landsþingi, hleyptum kappi í kinn í Hamingjuhlaupinu á alþjóðlegum degi hinsegin fólks, fjölgunum þjónustusamningum við sveitarfélög og gerðum stóra samninga við íslenska ríkið. Á árinu fórum við mjög víða með fræðslu um hinseginleikann, fyrir utan auðvitað að standa okkar plikt með ráðgjafþjónustu sem er einfaldlega á heims-mælikvarða. Ég vil þakka sérstaklega öllu því starfsfólki, sjálfbodaliðum, stjórn samtakanna, ykkur félagsfólki og öllum okkar samstarfs- og stuðningsaðilum sem hafa gert okkur kleyft að stíga ölduna og halda úti stórkostlegu ári.

Innan starfseminnar neyddumst við þó til að gera sársaukafullar breytingar vegna fjárhagslegra áskorana. Við þurftum að gera skipulagsbreytingar á skrifstofunni, endurhugsa starfsemina og þá þjónustu sem við veitum. Sú endurskipulagning leiddi meðal annars af sér nýja stefnu Samtakanna sem stjórn kynnir nú á aðalfundi og er glæsilegt plagg. Þar kveður að einhverju leyti við nýjan tón, áherslur okkar eru áfram þær sömu en við erum að breyta því hvernig við nálgumst verkefni okkar. Á sama tíma erum við að skerpa fókusið til að tryggja það að Samtökin '78 séu fyrst og fremst til staðar fyrir sitt félagsfólk og okkar góða hinsegin samfélag.

Nú aðgerðaráætlun stjórnvalda er fagnaðarefni en það kemur í okkar hlut að vera þrýstiafl sem tryggir að hún nái fram að ganga. Við munum leggja allt kapp á að stjórnvöld standi sig í stykkinu og efli stuðning sinn við hinsegin samfélagið á komandi árum. Dæmin sanna að það er full ástæða til.

Yfirskrift Landsþings að þessu sinni er *Samfélag: Hinsegin fólk höndum saman*, og það er rík ástæða fyrir því. Við ætlum að leggja áherslu á samstöðu okkar og seiglu, vinskapi og traust innan samfélagsins. Það á að vera skemmtilegt og endurnærandi að sækja viðburði Samtakanna '78, og hjá okkur mun áfram verða skjól fyrir þau sem eru að stíga sín nauðsynlegu skref inn í frelsið sem fylgir því að vera þau sjálf. Samtökin fagna í ár 48 ára afmæli. Við erum fullorðin, rík af reynslu og tilbúin í hvað sem er. Ég hlakka til að vinna áfram í ykkar þágu.

Kári Garðarsson
Framkvæmdastjóri

354

FRÆÐSLUERINDI

7.879

FENGU FRÆÐSLU

1.350

RÁÐGJAFATÍMAR
Á ÁRINU

23

SKRÁÐ ALVARLEG
ATVIK

450

EINSTAKLINGAR
Í VIRKRI RÁÐGJÖF

60

EINSTAKLINGAR SEM
LEITA AÐ ALÞJÓÐ-
LEGRI VERND

77

STUÐNINGSHÓPAR
Á ÁRINU

15

VIKULEG MÆTING Í
UNGMENNASTARF

1.512

SKRÁÐ Í FÉLAGIÐ

52

VIÐBURÐIR

228

UMFJALLANIR UM
SAMTÖKIN '78 Í
FJÖLMIÐLUM

10

ÞJÓNUSTU-
SAMNINGAR VIÐ
SVEITARFÉLÖG

2025

5. janúar	Prettándagleði í Safnahúsinu
6. janúar	Auka-félagsfundur að vetri
12. janúar	Betra seint en aldrei
18. janúar	Prjónaklúbbur
20. janúar	Nýjum þingmönnum boðið í heimsókn
23. janúar	Öldungadeildin 60+
26. janúar	Regnbogastund
30. janúar	Bi+ strákar og masc
12. febrúar	Bókaklúbbur: <i>Eldri konur</i>
16. febrúar	Prjónaklúbbur
19. febrúar	Öldungadeildin 60+
2. mars	Betra seint en aldrei
20. mars	Öldungadeildin 60+
21. mars	Aðalfundur 2025
22. mars	Landsþing hinsegin fólks
30. mars	Fjölskylduhittingur
2. apríl	Foreldramorgunn
3. apríl	Tákn um kynhlutlaus rými gert opinbert á HönnunarMars
4. apríl	Queer Americans in Iceland - A meeting with Samtökin '78
10. apríl	Foreldramorgunn
13. apríl	Betra seint en aldrei
17. apríl	Öldungadeildin 60+
28. apríl	Bókaklúbbur: <i>Kynsegin</i>
7. maí	Foreldramorgunn
16. maí	Öldungadeildin 60+
17. maí	Hamingjuhlaup Samtakanna '78 og Kristals
17. maí	Félagsfundur
17. maí	Heiðursmerki Samtakanna '78 – Hörður Torfason

27. maí	Betra seint en aldrei
29. maí	Bókaklúbbur: Peter Darling
7. júní	Lesbian*/bi+ - In English
19. júní	Öldungadeildin 60+
26. júní	Bókaklúbbur: <i>The Picture of Dorian Gray</i>
24. júlí	Bókaklúbbur: <i>Bury Your gays</i>
26. ágúst	Bókaklúbbur: <i>This is How You Lose the Time War</i>
2. september	Betra seint en aldrei
5. september	Bíó Paradís: <i>Big Boys</i> – Icelandic Queer Film Festival
13. september	Spilakvöld í samstarfi við Nexus
18. september	Öldungadeildin 60+
22. september	Bi+ hittingur
23. september	Bókaklúbbur: <i>Gríman: Grindr ljóð</i>
24. september	Foreldramorgunn
7. október	Betra seint en aldrei
16. október	Öldungadeildin 60+
21. október	Bókaklúbbur: <i>Anna – eins og ég er</i>
24. október	Kvennaár með Ungmennaráði
8. nóvember	Félagsfundur að hausti
17. nóvember	Betra seint en aldrei
18. nóvember	Bókaklúbbur: <i>Patricia Wants to Cuddle</i>
20. nóvember	Öldungadeildin 60+
6. desember	Aðventustund fyrir regnbogabörn
16. desember	Bókaklúbbur: <i>Jólapálínuboð</i>
19. desember	Jólamorgunn með flóttafólki

Nú stefnumótun er tæki til að tryggja að orka, tími og fjármagn nýtist sem best og að samtökin starfi í takt við tilgang sinn, gildi og þá framtíð sem við viljum móta.

Síðustu ár hafa einkennst af miklum vexti hjá okkur í Samtökunum '78. Verkefnum hefur fjölgað svo um munar, sýnileiki aukist og þjónusta okkar náð til sífellt fleiri um land allt. Það ber sannarlega vitni um það traust sem borið er til okkar af þjóðfélaginu og stjórnvöldum. En vöxtur kallar líka á endurmat, forgangsroðun og sterkari innviði. Stjórn Samtakanna '78 hóf því á síðasta ári markvissa stefnumótunarvinnu sem markar skýr tímamót í starfi félagsins. Sá grunnur sem við stöndum á hefur verið lagður af öllu því öflugra fólki sem hefur lagt samtökunum lið í gegnum árin er traustur. Á honum höfum við skerpt á áherslum, skýrt betur hlutverk okkar og forgangsraðað verkefnum. Í ferlinu tókum við jafnframt mið af breyttu pólitísku landslagi og þeim áskorunum og tækifærum sem það felur í sér.

Stjórn vann stefnuna í samvinnu við starfsfólk, með aðkomu félagaráðs og virkri þátttöku félagsfólks. Sú breiða samvinna tryggir að stefnan endurspegli bæði rætur samtakanna og framtíðarsýn.

STEFNUMÓTUNARFERLIÐ

Dagana 26.–27. september fór fram stefnumótunarhelgi þar sem stjórn, starfsfólk skrifstofu og starfsfólk ungmennastarfs ásamt fulltrúum úr félagaráði, komu saman til vinnu. Mannauðs- og stefnumótunarráðgjafarnir Kristín Hrund Whitehead og Brynjar Jóhannsson leiddu vinnuna, stýrðu umræðum og aðstoðuðu hópinn við að draga fram helstu sjónarmið og áherslu.

Þann 9. nóvember var haldinn opinn fundur með félagsfólki þar sem kallað var eftir frekari sjónarmiðum og ábendingum. Inga Auðbjörg Straumland stýrði þeirri vinnu í samráði við fyrrnefnda ráðgjafa og tryggði þannig breiðara samráð og aðkomu grasrótarinnar að mótun stefnunnar. Sú vinna var ekki síður gagnleg enda áriðandi að félagsfólk hafi tækifæri til að koma að stefnu félagsins með beinum hætti.

Eftir áramót bættist Hrönn Pétursdóttir, stefnumótunarráðgjafi, í hópinn og tók að sér að vinna með stjórn úr þeim gögnum og niðurstöðum sem safnast höfðu í ferlinu. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa síðan fundað sex sinnum með henni til að rýna efnið, móta endanlegar áherslur og ganga frá stefnunni til birtingar.

Með þessu ferli var leitast við að tryggja faglega, gagnsæja og lýðræðislega stefnumótun þar sem bæði kjörnir fulltrúar, starfsfólk og félagsfólk hafði raunverulega aðkomu að mótun framtíðar Samtakanna '78.

Nú stefna kemur til með að vera leiðarljós félagsins í starfi sínu næstu árin. Nú stjórn félagsins 2026–2027 mun á fyrstu vikum starfsársins leggja fram starfsáætlun fyrir félagið og helstu áherslur og er það trú okkar að með þessu móti náum við markmiðum okkar hratt og örugglega og að okkur blási ekki af leið.

Ný stefna Samtakanna '78



Ný stefnumótun er tæki til að tryggja að orka, tími og fjármagn nýtist sem best og að samtökin starfi í takt við tilgang sinn, gildi og þá framtíð sem við viljum móta.

Ný stefna kemur til með að vera leiðarljós félagsins í starfi sínu næstu árin. Ný stjórn félagsins 2026–2027 mun á fyrstu vikum starfsársins leggja fram starfsáætlun fyrir félagið og helstu áherslur og er það trú okkar að með þessu móti náum við markmiðum okkar hratt og örugglega og að okkur blási ekki af leið.

Framtíðarsýn

Að hinsegin fólk lifi samkvæmt eigin sannfæringu, frjálst, óttalaust og án fordóma, í samfélagi þar sem öll njóta sömu réttinda og tækifæra.

Hlutverk

Að tryggja að hinsegin fólk sé sýnilegt og njóti fyllstu réttinda á Íslandi, ásamt því að styðja við velferð þeirra og samfélagslega viðurkenningu þeirra.

Gildi

Hugrekki

Gildi

Samstaða

Gildi

Að leiða með góðu fordæmi

Sýnileiki og samfélagsleg tilheyring hinsegin fólks

Styrkja hinsegin fólk til þátttöku í samfélaginu	Miðla og auka þekkingu á hinseginleikanum í samfélaginu	Vera andlit og málsvari hinsegin fólks
Auka félagsvirkni Aukin bein þátttaka í samfélagsumræðu og stjórnmálum Vekja athygli á hinsegin fólki sem skarar fram úr	Miðla lífsreynslu hinsegin fólks út í samfélagið Viðhalda jákvæðu viðhorfi fjölmiðla Hafa áhrif á þekkingu stjórnmálamanna á stöðu hinsegin fólks og stuðla að jákvæðri afstöðu til þeirra	Vera öflug í hagsmunagæslu Fylgjast með og bregðast hratt við umræðu um málefni hinsegin fólks Ekkert um okkur án okkar

Standa vörð um réttindi hinsegin fólks

Berjast fyrir jöfnum réttindum hinsegin fólks	Standa vörð um áunnin réttindi hinsegin fólks	Tryggja þátttöku hinsegin fólks í samfélaginu á jafnréttisgrunni	Vera þekkingarmiðstöð í málefnum hinsegin fólks
Þrýsta á um laga-breytingar og bætt lagaumhverfi	Samfélagið sé meðvitað um, virði og styðji við áunnin réttindi hinsegin fólks Hafa eftirlit með að framkvæmd laga sé virt af hálfu opinberra þjónustuaðila	Hinsegin fólk njóti virðingar, öryggis og réttinda til jafns við aðra á vinnustöðum Hinsegin fólk njóti virðingar, öryggis og réttinda til jafns við aðra í námi Hinsegin fólk mæti ekki fordómum í opinberri þjónustu	Auka aðgengi og vitund um Samtökin '78 sem þekkingarmiðstöð um hinsegin málefni

Velferð hinsegin fólks

Styðja við vellíðan og velferð hinsegin fólks	Styrkja samfélag hinsegin fólks	Styðja við menningu hinsegin fólks
Efla gagnaöflun um líðan hinsegin fólks Efla gagnaöflun um viðhorf til hinsegin fólks Hinsegin fólk geti ástundað og líði vel í íþróttum og hreyfingu Inngildandi og aðgengilegt félagsstarf hjá S78	Styðja og virkja ólíka hópa innan samtakanna Allt hinsegin fólk upplifi S78 sem samtökin „mín“	Hampa hinsegin list og menningu í öllum sínum fjölbreytileika

Rekstur og innra starf sem styður við og styrkir vænta starfsemi

Starfsemi samtakanna skili árangri	Starfa í húsnæði sem styður við og styrkir starfið	Samtökin séu fjárhagslega sjálfstæð
Kjarna starfsemina í allri ákvarðanatöku og nýtingu bjarga Koma verkefnum í ferli og framkvæmd hjá viðeigandi aðilum og kerfum, utan samtakanna Vera meðvituð um, leita til og nýta þekkingu og fagmennsku í hinsegin samfélaginu	Öll starfsemi á einum stað, í húsnæði sem uppfyllir þarfir S78 Núverandi húsnæði verði aðlagð til að þjónusta starfið	Tryggja sem mesta festu og fyrirsjáanleika í tekjur frá opinberum aðilum til S78 Fjölga og styrkja sjálfstæðar fjármögnunarleiðir Tryggja sjálfbærar rekstur samtakanna

Samtökin '78 sinna alþjóðastarfi af miklum krafti, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Félagið er meðlimur í þremur Evrópusamtökum hinsegin fólks: ILGA-Europe, NELFA og EL*C. Þá eru Samtökin '78 virk í alþjóðasamstarfi í gegnum sértæk alþjóða-verkefni, ráðstefnur og vinnustofur. Hér að neðan verður stiklað á stóru í öflugu alþjóðastarfi samtakanna.

REGNBOGAKORTIÐ OG TRANSRÉTTINDAKORT TGEU

Regnbogakort ILGA-Europe, sem mælir lagaleg réttindi hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, er gefið út 17. maí ár hvert, á alþjóðlegum degi gegn hinsegin fordómum. Árið 2025 skipaði Ísland 3. sæti Regnbogakortsins, en til samanburðar var Ísland í 2. sæti árið 2024. Góður árangur Belgíu á árinu varð til þess að landið fór upp fyrir Ísland á kortinu.

Við útgáfu kortsins árið 2025 uppfyllti Ísland 84,06% af lagalegum réttindum hinsegin fólks, sem er hækkun um fjórtán prósentustig frá 2023. Staða Íslands í dag skiptist svo í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 83%



Jafnrétti og bann við mismunun: 94%



Fjölskyldumál: 90%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 64%



Lagaleg viðurkenning á kyni: 100%



Líkamleg friðhelgi intersex fólks: 50%



Funda-, féлага-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin flóttafólks: 50%



Engar breytingar urðu á milli ára á stöðu Íslands á transréttindakorti TGEU, en lagaleg réttindi trans fólks hafa verið þau bestu í Evrópu og Mið-Asíu skv. Mati TGEU frá 2023.

PRIDE RÁÐSTEFNA Í FÆREYJUM

14.–17. FEBRÚAR

Formaður Samtakanna '78, Bjarndís Helga Tómasdóttir tók þátt í ráðstefnu norrænna Pride samtaka ásamt Helgu Haraldsdóttur, formanni Hinsegin daga. Á ráðstefnunni tóku þátt yfir 100 þátttakendur frá Pride samtökum allra höfuðborga á Norðurlöndum auk svæðissamtaka.

Á ráðstefnunni fluttu Bjarndís og Helga erindi sem vakti mikla athygli ráðstefnugesta. Yfirskrift erindisins var *Political Strategy: How Pride and the march for joy changed Iceland*.

SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ EISTLANDI

4.–7. MARS

Síðasti liður samstarfsverkefnisins *Empowering Youth Workers: Advancing Human Rights and Equal Treatment through Estonian-Icelandic Cooperation*, styrkt af Active Citizen Fund var heimsókn til ENK, eða Samtaka félagsmiðstöðvastarfsfólks og EHRC, eistnesku mannréttindaskrifstofunnar. Þrír fulltrúar frá Samtökunum '78 fóru út í mars ásamt sérfræðingi hinsegin málefna hjá Reykjavíkurborg. Lokahnikkurinn var ráðstefna í Laulasmaa í Eistlandi, en fulltrúar okkar voru Bergrún skrifstofustjóri, Hrönn stjórnar-meðlimur og Sigurjóna starfsmaður hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78. Ráðstefnan bar heitið „Að styrkja félagsmiðstöðvastarfsfólk: efling mannréttinda og jöfn meðferð með eistnesk-íslenskri samvinnu.“ Auk þess var með okkur Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks hjá Reykjavík, sem eitt sinn átti sæti í stjórn Samtakanna '78.

Fyrst á dagskrá var kynning á Samtökunum '78 og þeim framförum í mannréttindum hinsegin fólks sem náðst hafa á Íslandi. Bergrún skrifstofustjóri fór yfir stofnun Samtakanna '78, þá áfanga sem samtökin hafa náð og um starfið okkar í dag með dyggri aðstoð Þórhildar frá Reykjavíkurborg. Sigurjóna Hauksdóttir, forstöðukona Gaymstöðvarinnar (hinsegin félagsmiðstöð í Kringlumýri) og starfsmaður Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar hélt utan um smiðju um inngildingu í félagsmiðstöðvarstarfi og þýðingu hinsegin félagsmiðstöðvastarfs. Auk þess sóttum við smiðjur skipulagðar af ENK og EHRC, *Building Belonging: Creating Safe Spaces for Queer Youth, Creating Guidelines for Youth Workers* og *Ethical Consideration in Youth Work*.

Þær Hrönn, Sigurjóna og Bergrún, ásamt Þórhildi, sóttu einnig fund með með Estonian Human Rights Centre (EHRC) í Tallinn, en EHRC eru samtök stofnuð fyrir 15 árum sem eru að fullu fjármögnuð með verkefnum, herferðum og einstaklingsframlögum. Þar starfa sjö starfsmenn sem veita yfirgripsmikla þjónustu. Mikilvæg vinna sem þau hafa unnið þar og mikið áunnist síðustu 15 ár sem þau hafa verið starfandi og hafa t.d. unnið að því að lögleiða hjónaband samkynja para.

Þá var einnig innlit í tvær félagsmiðstöðvar, Valdeku Noortekeskus & Pääsküla Noortekeskus með stjórnarmanni ENK. Einnig áttu fulltrúar samtakanna fund með Trans Alliance, samtökum trans fólks í Eistlandi, ásamt stjórnarkonu LGBT Estonia en sá fundur var bæði fræðandi og skemmtilegur.

KVENNANEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

10.–16. MARS

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, þáverandi samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna '78, var fulltrúi félagsins í sendinefnd Íslands á fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW69) í New York.

Þorbjörg sótti viðburði sem tengjast áherslum Samtakanna '78, auk þess sem samtökin áttu aðild að viðburði Kvennaárs 2025 og íslenskra stjórnvalda sem boðað var til á fundinum. Sérstök hliðardagskrá við fundinn var á vegum alþjóðlegra hinsegin félaga og meðal annars var framlagi lesbía við gerð Peking-sáttmálans um réttindi kvenna gert hátt undir höfði í dagskránni, en hann fagnaði 30 ára afmæli árið 2025.

Þorbjörg sótti fjölmarga viðburði, m.a. viðburð norrænu ráðherranefndarinnar sem bar heitið *Pushing for progress*, viðburð Evrópuráðsins og Lúxemborgar *Threats and opportunities of digital technologies: Women in the public eye*, auk viðburðar íslenskra

stjórnvalda og fjölda félagasamtaka (þ.á m. Samtakanna '78) um kvenréttindabaráttu á Íslandi sem bar heitið *Women's Strike – 50 years on*. Loks tók hún fullan þátt í dagskrá hinsegin félaga í tengslum við fundinn, þar sem hún sat t.d. viðburðina *Transfeminist alliances against fascism*, *Lived experiences of intersex women*, *Centering African LGBTI women in global gender equality policy frameworks* á vegum Outright international og *Taking stock and holding the line: A cross-movement dialogue about bodily autonomy* á vegum Count Me In! consortium, European Sex Workers' Association og ILGA World.



Þá tók Þorbjörg þátt í tveimur tvíhliða fundum sem skipulagðir voru af Outright International, annars vegar með Póllandi og hins vegar með Bretlandi. Þar hitti hún fyrir Katarzyna Kotula, jafnréttisráðherra Póllands, og Lord Collins of Highbury, talsmann ríkisstjórnar Bretlands í jafnréttismálum. Þorbjörg lagði áherslu á að framgangur jafnréttismála í Póllandi hefðu áhrif á stóran hóp fólks af pólskum uppruna á Íslandi og hvatti bresku fulltrúana til dáða þegar kemur að lögum um kynrænt sjálfræði og heilbrigðisþjónustu fyrir trans börn og ungmenni.

FUNDUR UM STÖÐU RÉTTINDA TRANS BARNNA OG UNGMENNA Í EVRÓPU Á VEGUM TGEU OG IGLYO Í BOLOGNA

4.–5. APRÍL

Sigríður Birna Valsdóttir fékk boð um að taka þátt í fundi á vegum TGEU (Transgender Europe and Central Asia) og IGLYO (The International Youth and Student Organisation) um stöðu mála trans barna og ungmenna í Evrópu er kemur að heilbrigðiskerfi, skóla-kerfi og lagalegum réttindum. Á fundinum komu saman aktivistar og foreldrar trans barna og ungmenna ásamt fagfólki sem vinnur að málefnum trans barna og ungmenna og ræddu um stöðu mála, deildu hugmyndum og mynduðu tengsl.

RÁÐSTEFNA Á VEGUM EL*C Í RÓM

23.–26. APRÍL

Í tilefni af Kvennaári 2025 lögðu samtökin mikla áherslu á málefni hinsegin kvenna á árinu. Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður samtakanna og Vera Illugadóttir, ritari sóttu ráðstefnu á vegum EL*C dagana 23.–26. apríl.

Ráðstefnan var haldin í Róm undir yfirskriftinni *Dykes rise against fascism*. Um 200 hinsegin konur og kvár frá fjölmörgum löndum í Evrópu og mið Asíu tóku þátt. Mikið var rætt um anti gender hreyfinguna í heiminum, stöðu hinsegin kvenna og úmsar aðferðir til mótspyrnu og aðgerða. Sérstök áhersla var lögð á að miðla hagnýtum aðferðum til aðgerða. Bjarndís og Vera sóttu fjölmargar málstofur og fræðsluerindi, m.a. *Fundraising for a Lesbian Future*, *Lesbian Legends – When They Go Low, We Go High*, *Trans Lesbians*, *Naming Lesbophobia – Understanding it to Fight it*, *Bisexuals in the Lesbian movement*, og *Antiracist Community Space for Racialized Lesbians**. Það að auki tók Bjarndís þátt í Rome Dyke March sem haldið var í Róm í fyrsta sinn.

WORLD PRIDE

1.–8. JÚNÍ

Formaður Samtakanna '78 tók þátt í hinni gríðarstóru hátíð *World Pride* í Washington DC fyrir hönd félagsins í byrjun júní. Þar var Bjarndís sýnileg og virk ásamt öðrum fulltrúum Íslands, en auk Bjarndísar var stjórn Hinsegin daga, Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra og Svanhildur Hólm Valsdóttir, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, á *World Pride*. Hinsegin dagar skipulögðu þátttöku Íslands á hátíðinni og buðu Samtökunum '78 að taka þátt.

Bjarndís Helga tók þátt í tveimur viðburðum í tengslum við *World Pride*. Sá fyrri var á vegum sendiráða Norðurlandanna í Washington DC, en sá viðburður var haldinn 4. júní. Þar sat Bjarndís í pallborði en auk hennar sátu í pallborðinu Ulrika Westerlund, þingmaður græningja í Svíþjóð, Petter Wallenberg, sænskur tónlistarmaður og aktivisti, og Philip Sharif Khokhar, fréttamaður danska ríkissjónvarpsins í Washington. Þau fjölluðu um það hvernig hvert og eitt þeirra nýtir sína rödd til að þrýsta á bætt hinsegin réttindi. Devin P. Dwyer, fréttamaður ABC, stýrði umræðunum.



Daginn eftir var haldinn viðburður á vegum Íslands á mannréttindaráðstefnu *World Pride*, þar sem Bjarndís var þátttakandi í pallborði ásamt Helgu Haraldsdóttur, formanni Hinsegin daga, og Hönnu Katrínu Friðriksson, atvinnuvegaráðherra. Viðburðurinn bar heitið *Working together, rising together*, og fjallaði um réttindi kvenna og hinsegin fólks. Svanhildur Hólm Valsdóttir, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, stýrði umræðunum. Þar bar Bjarndís gestum ráðstefnunnar m.a. stuðningskveðju frá Kvenréttindafélagi Íslands, en í henni var lögð áhersla á samstöðu kvenna og hinsegin fólks í baráttunni fyrir jafnrétti. Bjarndís gekk svo einnig í Pride-göngunni sjálfri ásamt öðrum fulltrúum Íslands, en íslenski hópurinn gekk með sendinefndum annarra Norðurlanda undir yfirskriftinni Nordics for Equality. Þess ber að geta að Íslendingar voru fjölmennasti hópurinn.

Ísland er leiðandi á heimsvísu þegar kemur að réttindum hinsegin fólks og því mikilvægt að við nýtum rödd okkar þar sem þörf er á.

BALTIC PRIDE

2.–8. JÚNÍ

Kára Garðarssyni, framkvæmdastjóra Samtakanna '78 var boðið af sendiráði Íslands í Helsinki að koma á *Baltic Pride* fyrir hönd Samtakanna '78 og sitja í pallborði um réttindi hinsegin fólks á vinnumarkaði, en töluverð vinna hefur farið fram innan Samtakanna '78 og með samstarfsaðilum okkar í þeim efnum á undanförunum árum. Pallborðið var hluti tveggja daga ráðstefnunnar *Pride for Progress: Shaping Today's Inclusive Workplace*

og bar dagskrárliðurinn heitið *Nordic-Baltic Perspectives on LGBTI-Inclusion*. Jukka Lehtonen frá Helsinki-háskóla flutti fyrst lykilræðu um upplifun ungs hinsegin fólks á vinnustöðum og síðan tók pallborðið við. Þar var Kári í góðum félagsskap með Jektaterina Tumule frá Mannréttindastofnun Lettlands og Kelly Grossthal frá Mannréttindastofnun Eistlands. Hann gat meðal annars sagt frá gögnum úr tímamóta-skýrslu Hagfræðistofnunar um hinsegin vinnumarkað sem unnin var fyrir ASÍ, BHM og BSRB árið 2023 og könnun BHM um hinsegin vinnumarkað sem kom út sama ár. Samtökin '78 komu að báðum þessum verkefnum.

Kári tók fullan þátt í dagskrá *Baltic Pride* alla vikuna og gekk svo að sjálfsögðu einnig í Pride-göngunni sjálfri, eða rúllaði réttara sagt á palli á stórum bíl.

Samtökin '78 þakka *Baltic Pride* kærlega fyrir boðið sem og sendiráði Íslands fyrir að gera okkur kleyft að mæta. Við hlökkum til þess að efla áfram samstarf og samskipti okkar við Eystrasaltslöndin samhliða áherslu okkar á Norðurlandasamstarf.

BUDAPEST PRIDE

28. JÚNÍ

Fulltrúar Samtakanna '78 og Hinsegin daga tóku þátt í *Budapest Pride* um hásumar árið 2025. Bjarndís Helga Tómasdóttir, Kári Garðarsson, Magnús Bjarni Gröndal, Jóhann Örn B. Benediktsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir fóru sem sjálfboðaliðar í nafni félaganna tveggja og á eigin kostnað. Kall barst frá *Budapest Pride* mánuðina fyrir gönguna þar sem óskað var eftir þátttöku alþjóðlegra félaga í göngunni, þar sem ungversk stjórnvöld höfðu bannað hana og ljóst var að mikla pressu þyrfti til þess að standa vörð um fundafrelsi ungversks hinsegin fólks.



Skipuleggjendur göngunnar eiga enn yfir höfði sér fangelsisvist. Baráttunni fyrir frelsi hinsegin fólks í landinu er því hvergi nærri lokið og mikilvægt að við, sem og íslensk stjórnvöld, beitem öllum tiltækum ráðum til þess að styðja við hinsegin systkini okkar í Ungverjalandi.

Fyrir þau sem vilja styðja *Budapest Pride* bendum við á styrktarsíðu félagsins. Hinsegin dagar seldu varning frá *Budapest Pride* í aðdraganda Gleðigöngunnar í ágúst síðastliðnum.

RÁÐSTEFNA EPATH

3.–6. SEPTEMBER

Mikilvægt er fyrir Samtökin '78 að hafa góða yfirsýn yfir þróun mála í heilbrigðisþjónustu trans fólks í Evrópu og á heimsvísu. Á þessu ári var ráðstefna EPATH (European Professional Association for Transgender Health) haldin í Hamborg, en fyrir hönd Samtakanna '78 fór Sigríður Birna Valsdóttir, teymisstýra ráðgjafa. Dagskrá ráðstefnunnar samanstóð af vinnustofum og fyrirlestrum um nýjar rannsóknir og álitamál í heilbrigðisþjónustu trans fólks. Þar hittist fagfólk og sérfræðingar alls staðar að

úr Evrópu og ræddi saman á gagnrýninn hátt um þær vinnureglur sem eru við lýði í heilbrigðisþjónustu trans fólks og um niðurstöður rannsókna. Ráðstefna EPATH er haldin annað hvert ár á móti ráðstefnu WPATH (World Professional Association for Transgender Health) og stefnan er að reyna að eiga fulltrúa á þessum ráðstefnum ef mögulegt er.

ILGA EUROPE

21.–26. OKTÓBER

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna '78, og Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri félagsins, sóttu árlegan ársfund og ráðstefnu *ILGA-Europe* sem fram fór í Vilnius í Litháen dagana 22.–26. október. Það voru litháísku samtökin *Lithuanian Gay League* (LGL) og *Tolerant Youth Association* sem höfðu veg og vanda að skipulagningu ráðstefnunnar. Auk Bjarndísar og Kára sótti Kitty Anderson, formaður Intersex Ísland, ráðstefnuna.

Þema ársins á ráðstefnunni var: *Face forward*. Á ráðstefnunni var mikill fjöldi fyrirlestra, vinnustofa og erinda þar sem leitað var leiða til að leiða ráðstefnugesti saman og ræða úrræði og lausnir á þeim vanda sem blasir við samfélagi okkar.

Í sitengdum heimi þar sem áskoranir eru um margt líkar þvert á landamæri er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að Samtökin '78 sendi fulltrúa á þennan gríðarstóra árlega viðburð. Ísland er að mörgu leyti leiðandi í réttindum hinsegin fólks og því mikilvægt að nýta vettvang sem þennan til að miðla okkar reynslu, en einnig til þess að læra af öðrum og víða að okkur þekkingu sem nýst getur Samtökunum '78 og hinsegin fólki á Íslandi til framtíðar.

NORÐURLANDASAMSTARF

27.–31. OKTÓBER

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður, og Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri, sóttu þriggja daga vinnufund norrænna hinsegin félaga í Helsinki dagana 27.–31. október. Fundurinn, sem styrktur var af Norrænu ráðherranefndinni, var skipulagður og haldinn af *Seta* – sem eru heildarsamtök hinsegin fólks í Finnlandi. Á staðnum, auk *Seta* og Samtakanna '78, voru leiðtogar norska félagsins *Fri*, sænska félagsins *RFSL* og danska félagsins *LGBT+ Danmark*.

Efni vinnufundarins var staða hinsegin fólks á Norðurlöndum og sameiginleg ábyrgð Norðurlandanna í því að tala fyrir mannréttindum hinsegin fólks á heimsvísu. Sameiginlegt stef í máli hinsegin félaga á Norðurlöndum er aukin andúð og háværi andstaða við hinsegin réttindi á öllu svæðinu. Rætt var um mikilvægi þess að ríkisstjórnir Norðurlanda haldi áfram á braut framfara er varðar lagaleg réttindi og stefnu í málefnum hinsegin fólks í hverju landi fyrir sig ásamt því að halda málstaðnum á lofti á alþjóðavettvangi. Samhliða fundarhöldum hitti hópurinn finnska hinsegin aktívista, stjórnmalafólk og sérfræðinga.



Norræn hinsegin félög munu halda áfram samtali og samstarfi á næstu árum, og skýr ásetningur er um að hinsegin félög frá Færeyjum, Grænlandi og Sömum taki einnig sæti við borðið í fyrirhuguðum samstarfsverkefnum.

MÁLSTOFA UM OPINBERA GAGNAÖFLUN

21.–22. OKTÓBER

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri, sótti fyrir hönd Samtakanna '78 málstofuna *Seminar on Public Data Gathering on LGBTI+ People in Nordic Countries* í Helsinki dagana 21.–22. október 2025, sem haldin var með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Á málstofunni komu saman fulltrúar hinsegin félagasamtaka á Norðurlöndum, fræðimenn frá norrænum háskólum og fulltrúar frá norrænum opinberum stofnunum sem sjá um gagnaöflun og miðlun. Frá Íslandi voru auk Þorbjargar þau Aró Berg Jónasar frá Trans Íslandi, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir frá Reykjavíkurborg og Þórhildur Halldórsdóttir frá Háskólanum í Reykjavík.

Opinber gögn geta gefið mjög mikilvægar upplýsingar um hagi hinsegin fólks, ekki síst varpað ljósi á tækifæri til úrbóta í málaflokknum og verið grundvöllur opinberrar stefnumótunar. Önnur Norðurlönd eru lengra komin í því að safna, vinna úr og miðla gögnum sem tengjast hinsegin fólki en Ísland, þótt loksins séu að verða breytingar hér á landi með áherslum á rannsóknir í aðgerðaáætlun stjórnvalda í hinsegin málefnum. Engu að síður er ljóst að enn vantar mikið upp á til þess að Íslandi standi jafnfætis hinum Norðurlöndunum.

Gegnumgangandi í máli þeirra sem kynntu niðurstöður sínar er að huga þarf sérstaklega að högum tvíkynhneigðs fólk og trans fólks (þ.m.t. kynsegin fólks), en þessir hópar koma jafnan verst út úr lýðheilsukönnunum. Þá vantar sárlega upplýsingar um intersex hópinn.

Fram kom á málstofunni að mikilvægt væri að opinber gagnaöflun og spurningalistar endurspegli veruleika hinsegin fólks, en einnig að farið sé með gögn um hinsegin fólk af mikilli ábyrgð. Þróun opinberrar umræðu um hinsegin málefni geti haft áhrif á það hvernig opinber gögn eru notuð og túlkuð. Rannsakendur, embættismenn og fulltrúar félagasamtaka á öllum Norðurlöndunum hafa af því áhyggjur að hinsegin réttindi séu að verða að pólitísku bitbeini á Norðurlöndum líkt og víðar í heiminum. Afleiðingar þess eru meðal annars að vegið er að trúverðugleika og starfsheiðri fólks sem stundar rannsóknir eða safnar gögnum sem varpa ljósi á stöðu hinsegin fólks.

NELFA

Samtökin '78 hafa frá árinu 2019 verið meðlimir NELFA, Network of European LGBTIQ* Families Associations, sem eru regnhlífarsamtök félaga hinsegin fjölskyldna. Félagið berst fyrir réttindum hinsegin fjölskyldna í álfunni, m.a. ferðafrelsi þeirra innan evrópska efnahagssvæðisins.

EL*C

Snemma á árinu 2024 sóttu Samtökin '78 um aðild að EL*C, EuroCentralAsian Lesbian* Community. Þann 30. apríl var aðildin samþykkt og eru Samtökin '78 nú fullgildur meðlimur í þessum samtökum allra hinsegin kvenna í Evrópu. Samtökin sendu fulltrúa '78 á ráðstefnu félagsins í Róm árið 2025 sem nánar er fjallað um fyrr í þessum kafla.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSTOFNUN ÖSE (ODIHR)

Samtökin '78 sendu mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR) yfirlit yfir haturs-glæpi gegn hinsegin fólki sem tilkynnt voru til félagsins árið 2024. Atvikin voru færð inn í opinbert yfirlit stofnunarinnar, sem birt var haustið 2025.

SAMSTARFSVERKEFNI UM FJÖLSKYLDUR

Samtökin '78 eru þátttakendur í samstarfsverkefni sem leitt hefur verið áfram af systur-samtökum okkar frá Litháen - LGL. Verkefnið tengist velsæld hinsegin barna og fjölskyldna þeirra. Yfirskrift verkefnisins er: "Uniting Families, Educators, and Policymakers to Address Violence and Enhance the Well-Being of LGBTIQ Children."

Meðal verkefna sem unnin hafa verið á árinu er kortlagning stöðu hinsegin fjölskyldna á Íslandi. Framundan er ráðstefna í Litháen og samfélagsmiðlaátak þvert á þáttökulöndin þar sem vakin verður athygli á fjölbreyttu fjölskyldumunstri.

SAMSTARFSVERKEFNI UM ÁHRIF SAMFÉLAGSMIÐLA

Samtökin eru í samstarfi við Ofbeldisvarnarskólann, samtökin Transfeminiit frá Finnlandi og samtök sem heita NORDREF, norræn samtök sem vinna að stafrænum réttindum. Þar hefur verið unnið að rannsókn þar sem ungir drengir fá nýja síma í hendurnar og skoðað verður hversu lengi anti-LGBTQIA efni er að birtast á samfélagsmiðlum drengjanna. Svipuð rannsókn hefur verið gerð þar sem skoðað var hversu lengi kvenfjandsamlegt efni birtist á miðlum drengja með nýja síma. Einungis 23 mínútur liðu frá því að kveikt var á símanum og þangað til slíkt efni birtist óháð því hvernig efni þeir leituðu að sjálfir.

FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 eru 1.499 þegar þetta er skrifað og talan hefur haldist nokkuð í stað á undanförunum árum. Félagsgjöld eru greidd einu sinni á ári og í boði er almennt gjald upp á 5.900 kr., lægra gjald upp á 2.900 kr. og þriðja gjald upp á 500 krónur. Með því að halda félagsgjaldinu lágu reyna samtökin að vinna gegn því að hinsegin fólk veigri sér við að taka virkan þátt í starfinu vegna efnahagslegrar stöðu. Félagsfólk velur sjálft hvaða gjald þau vilja greiða og er engra útskýringa krafist. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni *Gerast félagi*. Þar er einnig hægt að nálgast tilboð fyrir félagar.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2025 námu 4.175.800 kr. Þetta er um það bil svipuð upphæð og fyrri ár. 888 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2025 og hafa sjaldan verið fleiri greiðandi félagar.

Reynslan af rafrænum félagsskírteinum hefur verið góð en það háir útgáfu þeirra hve fá á félagatali hafa þar skráð tölvupóstfang. Nauðsynlegt er að hafa tölvupóstfang til að geta sent út hlekk til að sækja skírteinið. Á sjöunda hundrað sóttu skírteinið sem er umtalsverð aukning frá um 400 félögum í fyrra. Um 100 einstaklingar sóttu skírteinið á pappírform á síðastliðnum árum en sú tala er nú rétt um 20.

Hýsing skírteinanna er í höndum Smart Solution. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagsskírteinin ekki persónugreinanleg, því er á þeim ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem aftur eru orðin hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengt má nánar lesa um á vefsíðunni okkar.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Regnbogasalurinn, eða alrúmið að Suðurgötu 3, er að venju afskaplega vel nýttur en þó með einhverjum breytingum síðasta árið. Vegna flutninga skrifstofu á Tjarnargötu 4 hefur salurinn verið mun minna í daglegri notkun. Salurinn er þó engu að síður félagsheimili, fundarsalur, biðsalur, viðburðsalur og allt þar á milli. Innra starf nýtir salinn í bókaklúbb, ungmennastarf, fundi með öðrum félagasamtökum, stuðningshópa, gagnræðunámskeið og veislusal. Alls nýttu sex stuðningshópar rýmið á síðasta ári. Eins og fyrri ár hafa Trans Ísland og Hinsegin dagar afnot af salnum undir stjórnarfundum og aðra starfsemi. Ásar á Íslandi, Q – félag hinsegin stúdenta, BDSM félagið og Bangsafélagið nota salinn einnig undir viðburði á sínum vegum, til dæmis fræðslukvöld, hittinga og almennt félagsstarf.

Regnbogasalur er einnig móttökurými líkt og endranær fyrir þau sem sækja ráðgjöf að Suðurgötu 3. Við þökkum öllum þeim sem hafa heimsótt okkur á liðnu starfsári.

Regnbogasalurinn er félagsheimilið okkar. Hér er yfirlit yfir þá klúbba sem hafa verið starfandi árið 2025.

BÓKAKLÚBBUR

Bókaklúbburinn hefur starfað með hléum síðan árið 2017.

Viðburðir eru auglýstir á viðburðadagatali samtakanna og á hópnum *Hinsegin bókmenntaklúbbur – Samtökin '78* á Facebook. Þau Kris, Gróa og Sjöfn hafa leitt klúbbinn í sjálfboðastarfi árið 2025.

BETRA SEINT EN ALDREI

Hélene Magnússon leiddi á árinu hópinn *Betra seint en aldrei* fyrir hinsegin konur sem komu seint út úr skápnunum.

FORELDRA- OG REGNBOGAFJÖLSKYLDUMORGNAR

Ýmsir viðburðir fyrir barnafólk og fjölskyldur voru haldnir í ár. Foreldramorgnar eru hugsaðir fyrir foreldra í barneignaleyfi, en regnboga- og fjölskyldumorgnar eru fyrir barnafjölskyldur á öllum aldri. Starfið er leitt af öflugum hópi sjálfbóðaliða sem og teymisstýru ráðgjafa.

ÖLDUNGAEILDIN (60+)

Öldungaeildin, áður 60+, var sett á fót árið 2023 og hefur haldið nær mánaðarlega hittinga síðan, líkt og kemur fram í viðburðaánnál í ársskýrslu þessari. Utanumhald með starfinu er meðal annars í höndum Sveins Kjartanssonar stjórnarmeðlims og Ragnhildar Sverrisdóttur.

LANDSPING HINSEGIN FÓLKS

Samtökin '78 hófu starfsárið 2025, líkt og síðustu ár, á Landsþingi hinsegin fólks með glæsilegum aðalfundi og ráðstefnudagskrá. Aðalfundur fór fram þann 21. mars í Sykursal Grósku en þar var kjörið í embætti formanns og stjórnar. Aðalfundinum stjórnaði María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Viðreisnar. Nánari upplýsingar um aðalfund má finna í sérstökum kafla í ársskýrslunni.

Ráðstefnudagskrá þann 22. mars var þétt og mörg lögðu leið sína í Vatnsmýri til þess að taka þátt og hlusta. Opnunarávarp flutti formaður Samtakanna '78 og Hinsegin kórinn söng. Nadine Abu Arafah, mannréttindalögfræðingur og hinsegin aktivisti ávarpaði einnig fundinn. Í pallborði sátu Sigríður Birna Valsdóttir, Þorvaldur Kristinsson, Bjarki Steinn Pétursson og Helga Haraldsdóttir og ræddu þau mikilvægi gleðinnar og samfélags í baráttu okkar fyrir mannréttindum undir yfirskriftinni *Gleði og samfélag: Eldsneyti baráttunnar?* en umræðunni stýrði Edda Sigurðardóttir, fræðslustýra Samtakanna '78.

Næst var uppbrot, en Ugla Stefanía baráttukona og fræðari hjá Samtökunum '78 og Þorbjörg Þorvaldsdóttir samskiptastjóri Samtakanna '78 stýrðu vinnustofu þar sem þáttakendur lærðu nýjar leiðir til þess að takast á við fordóma í umhverfi sínu. Að því loknu hélt Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur, utan um erindi sem kallaðist *Sjálfs hjálp og umhyggja á skrítnum tímum*. Að lokum, í samstarfi við Evrópusambandið á Íslandi, tóku þau Clara Gandslandt sendiherra ESB á Íslandi, Þorbjörg Sigríður



Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra og Orri Páll Jóhannsson, fyrrum alþingismaður þátt í pallborði. Umræðum stýrði Arndís Anna Gunnarsdóttir, mannréttindalögfræðingur og formaður Siðmenntar.

Að kvöldi tróð hljómsveitin Bjartar sveiflur upp á balli í Sykursal.

SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Hinsegin dagar 2025 fóru fram dagana 5.–9. ágúst. Hátíðin var sett á brúnni við Ráðhús Reykjavíkur en Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi ávarpaði gesti. Hátíðin var einkar glæsileg og gleðigangan sjálf var gengin í sól og blíðu. Á meðan hátíðinni stóð snerist starf Samtakanna '78 fyrst og fremst um að styðja við félag Hinsegin daga, m.a. með láni á húsnæði. Sýnileiki Samtakanna '78 var sem áður helst á Regnbogaráðstefnu, en það er fræðsludagskrá sem fest hefur sig í sessi á hátíðinni síðustu ár. Meðal annars hélt Öldungadeild Samtakanna '78 utan um kynslóðaspjall þar sem rætt var um hvað sameinar okkur. Nokkuð bar á Samtökunum í ljósvakamiðlum en Sveinn Kjartansson, stjórnarmaður, ræddi líf sitt og tilveru við Sigurð Þorra Gunnarsson í hátíðarsjónvarpsþætti RÚV, *Hinsegin dagar, vikur, mánuðir ár*. Þá flutti Bjarndís Helga Tómasdóttir samtalspredikun ásamt Séra Hildi Björk Hörpudóttur í útvarpsmessu RÚV á Hinsegin dögum þann 10. ágúst. Þau Bjarndís og Sveinn ræddu svo við Bjarna Snæbjörnsson í sérstökum þætti *Mennsku* sem fluttur var á RÚV að morgni Gleðigöngunnar. Með þeim var Reyn Alpha, forseti Trans Ísland.

Þess má geta að í *Hinsegin dagar, vikur, mánuðir ár* frá 2024 er innslag með Kára Garðarsyni, framkvæmdastjóra Samtakanna '78. Báða þættina má finna í spilara RÚV

Samtökin '78 gengu að sjálfsögðu í Gleðigöngunni með fjölda manns og þakka félagsfólki og velunnurum fyrir góða þátttöku.



UNGMENNASTARF 10–12 ÁRA OG 13–15 ÁRA

GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

STARFSFÓLK

Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðukona 100% starfshlutfall
 Viktor Luca Forte, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu
 Kristmundur Pétursson, frístundaráðgjafi í tímavinnu
 Katla Ársælsdóttir, frístundaráðgjafi í tímavinnu
 Sigurjóna Hauksdóttir, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu
 Issy Tache, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu
 Magnús Dagur Gottskálksson McGetrick, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu

SJÁLFBODALIDAR

Valgerður Valur Hirst Baldurs
Sally Nolan
Unnur Steina K Karls
Sóley Anne Jónsdóttir

ÞJÓNUSTUTÍMI OG FASTIR FUNDIR MEÐ TEYMUM

Þriðjudagar:

10–12 ára starf	Opnun frá 17:00–18:30
13–16 ára starf	Opnun frá 19:30–21:45

Fimmtudagar:

13–16 ára starf	Hópastarf frá 17:00–19:00
-----------------	---------------------------

Fundir ungmennaráðs annan hvern fimmtudag frá 17:00–19:00

Fastir fundir vikulega með deildarstjóra Unglingastarfs Tjarnarinnar og framkvæmdarstjóra Samtakanna '78 frá 15–16 á þriðjudögum

Fastir fundir vegna barna í samþættri þjónustu

Samráðsfundir starfsfólks í Hinsegin félagsmiðstöðvastarfi á landsvísu einu sinni á hvorri önn

UMBÓTAAÐGERÐIR

10–12 ÁRA STARF Í HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI

Markmið: Að auka þjónustu við 10–12 ára aldurshópinn og byggja upp tengsl við foreldra þeirra

Lýsing: Vikulegar opnanir fyrir 10–12 ára frá 1. desember 2024 – 6. júní 2025.

Dagsetning: Desember 2024 – júní 2025

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

FORELDRAOPNUN Í TENGLUM VIÐ FÉLAGSMIÐSTÖÐVA-
OG UNGMENNAHÚSAVIKUNA

Markmið: Að efla foreldrasamskipti

Lýsing: Að opna dyr félagsmiðstöðvarinnar fyrir áhugasömum foreldrum sem vilja kynna sér starfið betur og mynda tengsl við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona og hlutastarfsmenn

Dagsetning: Október 2025

Þegar litið er til umbótaaðgerða frá síðasta starfsári má með sanni segja að okkur hafi tekist vel til. 10–12 ára starfið var fest í sessi í desember 2024 og hefur blómstrað síðan. Ákveðið var að færa opnanir 10–12 ára starfsins yfir á þriðjudaga til að tryggja betri mönnun á opnunum og hefur það gengið vonum framar. Foreldraopnun var fyrst haldin í október 2024 og gekk vonum framar og var hún því haldin aftur í október 2025. Stefnt er að því að halda þessum opnunum áfram í tengslum við félagsmiðstöðva og

ungmennahúsaviku Samfés en einnig að taka stærri skref og bjóða upp á reglulegar opnanir og fræðslukvöld fyrir foreldra í 10–16 ára starfinu.

UMBÓTAADGERÐIR 2025–2026

AD EFLA SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG FORSJÁRAÐILA

Markmið: Að bjóða upp á regluleg fræðslukvöld og sérstakar foreldra og forsjáraðila opnanir í félagsmiðstöðinni að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn.

Lýsing: Hinsegin félagsmiðstöðin vill styðja foreldra og forsjáraðila hinsegin barna og ungmenna með því að bjóða upp á fræðslur sem gætu átt erindi við hópinn og einnig bjóða upp á sérstakar foreldraopnanir þar sem foreldrar fá tækifæri til að upplifa hvað er gert í hinsegin félagsmiðstöðvastarfi, kynnast starfsfólki og kynnast sín á milli.

Dagsetning: September 2025 – júní 2026

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

ENDURVEKJA UNGMENNARÁÐ

Markmið: Að endurvekja Ungmennaráð Samtakanna '78 og sameina það Hinsegin félagsmiðstöðinni og Ungmennahúsi Samtakanna '78

Lýsing: Að taka starf ungmennaráðs Samtakanna '78 og Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar föstum tökum með reglulegum fundum yfir starfsárið, þátttöku í þeim verkefnum sem ungmennaráðinu finnast ákjósanleg sem og að beita sér í málefnum sem tengjast hinsegin ungmennum á landsvísu.

Dagsetning: September 2025 – júní 2026.

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og verkefnastjóri Ungmennahúss S78.

FAGSTARFIÐ

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar er nú á sínu tíunda starfsári og hefur mikið vatn runnið til sjávar á undanförunum árum. Ef við horfum til síðastliðins árs hefur mæting í félagsmiðstöðina haldið góðum dampi frá fyrra ári en við erum að sjá aukningu í mætingu og er meðal mæting á opnun um 80 ungmenni þegar skýrsla þessi er skrifuð í febrúar 2026.

Hópurinn sem sækir félagsmiðstöðina er fjölbreyttur og kemur víðsvegar að. Þó mestur fjöldi sé úr Reykjavík þá er töluverður fjöldi þátttakenda úr nágrannasveitarfélögum og víðar.

Áfram hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við aðrar félagsmiðstöðvar á landinu. Með auknu samstarfi við félagsmiðstöðvar er hægt að halda enn betur utan um þátttakendur sem mæta í starfið utan opnunartíma Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og veita þeim þann félagslega stuðning og öryggi sem þau kunna að hafa þörf fyrir. Reynslunám Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og Reykjavíkurborgar hefur gengið vel þetta starfsár en í reynslunámi fá starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavíkurborg tækifæri til að taka vakt í Hinsegin félagsmiðstöðinni, mynda tengsl við ungmenni úr sínu hverfi og læra af starfsfólki Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Langtímamarkmið er án efa

að bjóða upp á slíkt reynslunám fyrir starfsmenn í félagsmiðstöðvum í öllum sveitarfélögum enda hefur reynslunámið margoft sannað mikilvægi sitt.

Hópastarf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar hefur gengið með eindæmum vel. Ákveðið var að færa hópastarfið yfir á fimmtudaga frá 17:00–19:00 frá og með september 2025 og voru þær breytingar mjög jákvæðar fyrir starfið. Í ár eru fjórir fastir hópar sem eru að frumkvæði ungmennanna en alltaf er rými til að bæta við fleiri hópum. Hóparnir eru:

- Anime klúbbur
- Tölvuleikja klúbbur
- D&D klúbbur
- Saumaklúbbur

Að meðaltali eru um 30 einstaklingar sem nýta sér hópastarfið og eru það jafnvel einstaklingar sem treysta sér ekki til að taka þátt í kvöldstarfi félagsmiðstöðvarinnar vegna fjölda þátttakenda eða eru önnur kafnir í öðru. Hópastarfið er því frábært tækifæri til að ná til hóps sem við annars myndum ekki ná til. Hugmyndir að hópunum koma alfarið frá þátttakendum og erum við alltaf að prófa okkur áfram með nýjar og skemmtilegar hugmyndir að hópum.

Dagskrá hvernar opunar er auglýst vikulega til að gefa rými til þess að bregðast við góðum hugmyndum sem koma upp en aðrar félagsmiðstöðvar hafa þann vana að gefa út mánaðarlega dagskrá. Hugmyndir að opnunum koma alfarið frá þátttakendum og er ýmist safnað á Instagram, á opnunum eða í óformlegu spjalli. Vinsælustu opnanirnar eru án efa karaoke kvöld, speed-friending og allar þær opnanir sem snúa að föndri eða mat.

Við höfum lagt áherslu á að gefa þátttakendum færi á að ræða málefni sem standa þeim nærri og höfum það að markmiði að vera með spjallkvöld sem kallast Trúnó.

Í Trúnó geta þátttakendur sent inn nafnlausar spurningar sem þau vilja ræða eða fá svör við og hjálpast þátttakendur og starfsmenn við að svara þeim spurningum sem berast. Þessar opnanir eru alltaf gríðarlega vinsælar og dýrmætar fyrir starfsfólk að fá innsýn inn í þau mál sem brenna á þátttakendum hverju sinni.

Pegar skýrslan er skrifuð í febrúar 2026 eru allskonar spennandi viðburðir framundan. Í mars er Söngkeppni Tjarnarinnar sem er undankeppni fyrir Söngkeppni Samfés-samtaka félagsmiðstöðva og Ungmennahúsa á Íslandi og geta þátttakendur í starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar tekið þátt í undankeppni Tjarnarinnar fyrir hönd Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Hinsegin Prom er næst á dagskrá, þann 21 apríl og verður 10 ára afmæli félagsmiðstöðvarinnar fagnað rækilega. Hinsegin Prom hefur hlotið styrk frá Barnamenningahátíð undanfarin ár sem gerir okkur kleift að bjóða ungmennunum á þennan viðburð sér að kostnaðarlausu og erum við afskaplega þakklát fyrir það.

Í júní er vonin að halda áfram samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur en sumarið 2025 gafst okkur tækifæri til að bjóða upp á Hinsegin vinnuskólahóp þar sem ungmennti úr starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar fengu tækifæri til að taka þátt í skapandi vinnu sem lagði áherslu á sjálfsefningu og að auka félagsfærni þátttakenda. Vinnuskólahópurinn var í samstarfi við Borgarleikhúsið sem hélt utan um skapandi ferli sem endaði á sýningu á litla sviði Borgarleikhússins en starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar hélt utan um sjálfsefningu verkefni, hópefli og verkefni sem juku seiglu, félagsfærni og samskipti. Þetta samstarf var virkilega vel heppnað en í ár er stefnan sett á aðrar áherslur, þó með

sjálfsefningu og félagsfærni að leiðarljósi. Í ágúst er það svo að sjálfsögðu Hinsegin dagar en félagsmiðstöðin hefur undanfarin ár tekið þátt í ungmennadagskrá sem og Gleðigöngunni og verður þar engin undantekning á.

ÁHYGGJUEFNI

Í ár höfum við tekið eftir mikilli aukningu á vanlíðan þeirra ungmenna sem koma í starfið til okkar. Einnig hefur sjálfsskaðandi hegðun, tilraun til sjálfsvígs og áhættuhegðun aukist til muna hjá ungmennunum og sjáum við það vel í starfinu. Hvort það tengist bakslagi í samfélaginu okkar, eða á heimsvísu, er erfitt að segja en þetta veldur forstöðukonu áhyggjum.

Einnig hafa forstöðukona og verkefnastjóri Ungmennahúss Samtakanna '78 áhyggjur af stöðu hinsegin ungmenna sem eru á framhaldsskólaaldri. Við erum að sjá mikið brottfall hinsegin nemenda, skort á úrræðum fyrir þennan aldurshóp og auknar vísbendingar um vanlíðan, áhættuhegðun og einmanaleika.

Við þurfum að halda vel utan um öll ungmennin okkar og megum hvergi missa bolta þegar kemur að því að berjast fyrir starfi og þjónustu fyrir þennan hóp.

UNGMENNAHÚS SAMTAKANNA '78

16–17 ÁRA STARF

Ungmennahús Samtakanna '78 fyrir ungmenni á aldrinum 16–18 ára hélt sínu striki þetta starfsárið. Líkt og áður fjármagna Samtökin '78 starfið, ráða inn verkefnastýru og útvega húsnaði. Starfið er ætlað ungmennum á framhaldsskólaaldri og veitir þeim vettvang til að koma saman, tengjast og vera í öruggu og styðjandi umhverfi. Opnanir ungmennahússins eru alla fimmtudaga frá kl. 19:30–22:00 í húsnaði Samtakanna '78 að Suðurgötu 3.

Verkefnastýra ungmennahússins starfsárið 2025–2026 var Sigurjóna Hauksdóttir. Sigurjóna stundar nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og hefur starfað í félagsmiðstöðvum síðastliðin sex ár. Um áramótin var tekin ákvörðun um að bæta við starfsmanni, Viktor Luca Forte, sem hefur starfað í Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar síðastliðin sex ár og stundar nám í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Auk þess hefur lítill en öflugur hópur sjálfboðaliða komið að starfinu.

Markhópur ungmennahússins eru ungmenni á aldrinum 16–18 ára. Markmið starfsins er að veita ungu fólki vettvang þar sem þau geta verið þau sjálf, eftir félagsfærni sína og tekið virkan þátt í mótun starfsins. Lögð er áhersla á að hvetja ungmennin til sjálfstæðis, meðal annars með því að þau taki frumkvæði að skipulagningu opnana og dagskrár með stuðningi starfsfólks. Starfið byggir á starfsreglum almennra félagsmiðstöðva, þar sem tryggð er góð yfirsýn, skýrt utanumhald og öruggt umhverfi fyrir ungmennin.

Dagskrá ungmennahússins er að stórum hluta skipulögð af ungmennunum sjálfum með aðstoð starfsfólks. Lögð er mikil áhersla á að ungmennin séu sjálf drifkraftur starfsins og beri ábyrgð á dagskrá opnana. Þetta fyrirkomulag hefur reynst valdeflandi og stuðlað að aukinni virkni, þátttöku og tengslamyndun innan hópsins. Að jafnaði sækja 10–20 ungmenni hverja opnun og koma þau víðs vegar af höfuðborgarsvæðinu. Yfir starfsárið tóku um 40 ungmenni reglulega þátt í starfinu og sóttu ungmennahúsið oftast en einu sinni.

Andrúmsloftið í ungmennahúsinu hefur verið mjög gott. Ungmennin sem sækja starfið koma úr ólíkum áttum; sum hafa verið virk í Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og

Tjarnarinnar áður, á meðan önnur eru að sækja hinsegin félagsstarf í fyrsta sinn. Á þessu starfsári var sérstaklega lögð áhersla á samveru, samtöl og tengslamyndun. Sú áhersla endurspeglar þá stöðu sem uppi er í framhaldsskólum í dag, þar sem þörf er á öruggum rýmum sem eru laus við fordóma, einelti og skaðlega orðræðu.

Dagskrá ungmennahússins mótaðist af áhuga og óskum ungmennanna sjálfra. Meðal viðburða á starfsárinu voru vinsæl Power Point kvöld, Trans Joy kvöld í tilefni Minningardags Trans fólks og tölvuleikjaopnanir. Eftir beiðni ungmenna heimsótti fulltrúi Trans Ísland ungmennahúsið, kynnti starf þeirra og svaraði spurningum sem brunnu á hópnum.

Ungmennaráð Samtakanna '78 var endurvakið í upphafi skólaársins 2025–2026. Umsjón með ungmennaráðinu er í höndum Hrefnu Þórarinsdóttur, forstöðukonu Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78 og Tjarnarinnar, og Sigurjónu Hauksdóttur, verkefnastýru Ungmennahúss Samtakanna '78. Fulltrúar ungmennaráðs koma bæði úr yngra og eldra starfi. Í lok árs 2025 héldu þau góðgerðarviðburð þar sem safnað var fyrir Binderasjóðinn, með það að markmiði að tryggja öllum aðgang að kynstaðfestandi fatnaði. Á viðburðinum söfnuðust yfir 200 þúsund krónur með sölu á vöfflum, kakói og handgerðum munum. Ungmennaráðið hefur einnig haft tækifæri til að hafa áhrif á starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og Ungmennahússins og mun áfram standa vörð um hagsmuni og réttindi hinsegin ungmenna.

Stór hluti starfsins byggir á samstarfi við Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar. Fjöldi ungmenna hefur flust beint úr yngra starfinu yfir í ungmennahúsið að loknum grunnskóla. Virkt samráð hefur reynst afar vel, þar sem reynsla og þekking nýtist. Samstarf við skrifstofu Samtakanna '78 hefur einnig verið mjög gott.

Framundan er áframhaldandi öflugt starf í ungmennahúsinu alla fimmtudaga. Þá má einnig vænta þess að ungmennaráð haldi áfram að standa fyrir metnaðarfullum og mikilvægum viðburðum á næstunni.

PRJÓNAKLÚBBUR

Fyrsti hittingur Prjónaklúbbs fór fram í september, en klúbburinn er framhald á starfi sem hefur áður verið virkt innan félagsins. Linda Björk Einarsdóttir og Héléne Magnússon prjónahönnuður leiða hópinn.

BI+ HITTINGUR

Samtökin '78 buðu tvíkynhneigðum, þankynhneigðum og öðru fjölkynhneigðu fólki á rólegan hitting í húsnæði félagsins í tilefni alþjóðlegs sýnileikadags tvíkynhneigðra 23. september. Um 30 manns komu og mikil ánægja var með hittinginn. Stefnt er að því að um árlegan viðburð verði að ræða.

ÖLDUNGADEILDIN

Á árinu hittist reglulega hópur eldra fólks, sem flest eru 60+, sem fengið hefur nafnið Öldungadeildin. Samhliða er starfræktur Facebook-hópur Öldungadeildarinnar, en þar eru 119 manns meðlimir. Tíu hittingar voru haldnir á árinu 2024, oftast á Aldamótum á virkum degi kl. 17-19. Þar af buðu Samtökin '78 upp á skemmtiatriði á tveimur þeirra og í eitt skipti kom hópurinn í heimsókn á Suðurgötu og fékk veitingar og kynningu á starfsemi félagsins frá Kára Garðarssyni, framkvæmdastjóra. Öldungadeildin gekk í Gleðigöngu Hinsegin daga undir slagorðinu Regnboginn dofna ekki með árunum, og tóku um 60 manns þátt í atriðinu sem var glæsilegt og vakti mikla athygli.

Fræðslustarf Samtakanna '78 á sér áralanga sögu. Það var í kringum 1980 sem fulltrúar Samtakanna hófu að heimsækja skóla, einkum framhaldsskóla til að ræða líf hinsegin fólks og svara spurningum nemenda og starfsfólks. Það er því ekkert launungarmál að metnaður Samtakanna fyrir öflugum fræðslustarfi á sér langa sögu.

Hinsegin börn og ungmenni eru til staðar í öllum skólum. Þá eru börn og barnabörn hinsegin fólks einnig víða í skólakerfinu. Fjölmargar rannsóknir benda til þess að fræðsla um fjölbreytileika í kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum hafi víðtækt forvarnargildi, bæði fyrir þau börn og ungmenni sem eru hinsegin og þau sem eru það ekki. Það er því engin tilviljun að sveitarfélög um allt land hafa gert samninga við Samtökin '78 um reglubundna fræðslu um hinsegin málefni til barna, ungmenna og starfsfólks. Fyrirlestrar Samtakanna '78 eru settir fram til stuðnings því jafnréttisstarfi sem unnið er á hverjum degi á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla.

Með því að fræða bæði nemendur og starfsfólk um hinsegin málefni eykst hæfni fólks til að grípa inn í þegar ofbeldi eða mismunur á sér stað. Í íþróttafélögum er þekking og meðvitund um fjölbreytileika lykilforsenda þess að hinsegin börn og ungmenni geti tekið virkan þátt og haldið áfram í skipulögðu íþróttastarfi með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á heilsu þeirra og líðan.

Að sama skapi styður hinsegin fræðsla hjá stofnunum og fyrirtækjum við góða og heilbrigða vinnustaðamenningu. Sífellt fleiri fyrirtæki og stofnanir sjá gildi góðrar vinnustaðamenningar og ekki síður að viðskiptavinir, ef einhverjir eru, upplifi fordómalaust viðmót og þjónustu.

Þegar vinnustaðamenning einkennist af trausti, virðingu, sanngirni, heiðarleika og þátttöku eykst sálfélagslegt öryggi og vellíðan starfsfólks. Hinsegin fræðsla styður starfsfólk í að velja fordómalaust og virðingarríkt viðmót, byggja upp traust og átta sig á hvernig þau geti verið styðjandi og elft góða vinnustaðamenningu.

Árið 2025 voru virkir þjónustusamningar við tólf sveitarfélög. Framhaldsskólar halda einnig áfram að leita til okkar með ráðgjöf og fræðslu í auknum mæli og þónokkuð af fyrirtækjum vilja fræðslu eða hefja vinnu við hinsegin vottun.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Á árinu 2025 voru haldin 354 erindi fyrir um það bil 7879 manns. Yfirlit yfir allflest fræðsluerindi ársins má finna í viðauka við ársskýrslu þessa.

FRÆÐSLUTEYMI

Fræðsluteymi Samtakanna '78 var skipað eftirfarandi einstaklingum á árinu 2025: Edda Sigurðardóttir veitti fræðslustarfinu forystu en hún lét af störfum á haustmánuðum. Önnur í fræðarateyminu á árinu voru Kristmundur Pétursson, Ugla Stefánía Kristjónudóttir Jónsdóttir, Andrea Rói Sigurbjörns og Egill Andrason. Auk þess sá Hanna Þráinsdóttir um fræðslu tengda íþróttastarfsemi.

Í ljósi þess að þjónustusamningum fjölgaði á árinu t.a.m. með nýjum samningum við Kópavogsbæ og Seltjarnarnes var talin þörf á að fjölga enn frekar í fræðarateymi Samtakanna. Á haustmánuðum auglýstu Samtökin eftir fræðurum í teymið og sóttu um 25 einstaklingar eftir því að bætast í hópinn. Um miðjan október fór fram umfangsmikil undirbúningshelgi fyrir þá fræðara sem sóttu um og tók höfðu á að mæta en mæting á undirbúningshelgina var forsenda þess að fræðarar kæmu til greina í áframhaldandi vinnu fyrir Samtökin.

Á undirbúningshelgina mættu um 12 manns og sátu fræðslu um sögu Samtakanna '78, hlýddu á reynslusögur frá reyndum fræðara og sátu Intesex fræðslu frá Kitty Anderson formanni Intersex Ísland. Þorbjörg Þorvaldsdóttir fræddi hópinn um gagnræðu og Ugla Stefanía fór yfir trans málefni. Í kjölfarið voru nokkrir aðilar boðaðir í atvinnuviðtöl og eftir að þeim lauk var fjórum boðin áframhaldandi þátttaka í ferlinu.

Næstu skref voru að nýir fræðarar fylgdu reyndum fræðara á vettvang og fylgdust með fræðslu. Því næst snerist dæmið við þar sem óreyndur fræðari flutti fræðsluerindi undir leiðsögn reyndari fræðara. Þau sem eru nú í miðju ferli og bundnar eru miklar vonir við að verði virkur hluti af fræðarateymi Samtakanna eru Katrín Íris Sigurðardóttir, Sigmar Ingi Sigurgeirsson, Sigurgeir Ingi Þorkelsson og Sindri Freyr Sparkle.

Á árinu hefur verið unnið að drögum að sérstakri fræðarahandbók þar sem allir þræðir fræðslumála hjá samtökunum eru dregnir saman á einn stað. Auk þess hafa verið settir á dagskrá fræðarahittingar þar sem starfandi fræðarar bera saman bækur sínar, skiptast á góðum venjum við fræðsluna og ræða það sem efst er á baugi hverju sinni. Áætlað er að fræðarar hittist á þennan hátt á 4–6 vikna fresti yfir vetrartímann.

HINSEGIN VOTTUN

Undanfarin misseri hefur vottunarferli hinsegin vottunar verið í endurskoðun af hálfu stjórnar samtakanna. Á árinu var Íslandshótel eini starfsstaðurinn sem lauk hinsegin vottun. Nú í lok árs 2025 var tekin sú ákvörðun að semja um hinsegin vottun við tvo ólíka vinnustaði, annars vegar ferðapjónustufyrirtækið Eldingu og hins vegar stéttarfélagið BSRB. Markmiðið er að þróa verkefnið áfram með stjórnendum þessara vinnustaða með það fyrir augum að hefja hinsegin vottun á fullu á nýjan leik á árinu 2026.

FRAMTÍÐ FRÆÐSLUNNAR

Unnið er að endurbótum og uppfærslu á fræðsluvef samtakanna www.otila.is. Samhliða þróun námsefnis um hinseginleika var ákveðið að otila.is yrði allsherjar fræðsluvefur Samtakanna '78 með fjölbreyttara fræðsluefni en hingað til og námsefnið myndi því eiga samastað þar. Vinna við nýjan fræðsluvef er hafin og heldur áfram á næsta ári.

Markmiðið er að fólk á ýmsum aldri, bæði nemendur og fagfólk, geti þar sótt sér fjölbreytt, gagnlegt og áhugavert efni um hinseginleika. Framundan er því bæði gerð aðgengilegs fræðsluvefs og áframhaldandi þróun og útgáfa námsefnis um hinseginleika.

SÉRTÆK FRÆÐSLUERINDI

GRÓ GEST nemendur hjá HÍ fengu fræðslu, við fórum með fræðslu um málnotkun fyrir starfsdag hjá umboðsmanni Alþingis og ræddum við nemendur háskóla í Washington svo eitthvað sé nefnt. Magnús Bjarni Gröndal, rekstrarstjóri samtakanna hélt erindi fyrir stjórn Hinsegin daga um stafrænt öryggi.

Í upphafi árs buðu samtökin forsvarsfólki hagsmunafélaga í fræðsluerindi hjá Jóhannesi Þór Skúlasyni, gjaldkera stjórnar. Þar fjallaði Jóhannes um fjölmiðlaframkomu og gaf stjórnnum góð ráð um hvernig bera skal sig að í samskiptum og framkomu í fjölmiðlum. Vel var mætt á erindið og ljóst að þörfin var mikil fyrir fræðslu af þessu tagi.

GAGNRÆÐUNÁMSKEIÐ

Á árinu 2025 fóru fram sex opnar vinnustofur í gagnræðu á vegum Samtakanna '78. Gagnræða er íslenskun á enska hugtakinu counterspeech og snýst um að minnka áhrif haturs- og hættulegrar orðræðu í samfélaginu með því að taka á markvissan hátt þátt í samfélagslegri umræðu. Þátttakendur fá aðgang að rafrænum fyrirlestri og upplýsingapakka, auk þess að fá samantekt á blaði með sér heim. Um 80 manns sóttu vinnustofurnar sem tókust vel. Þar fara þátttakendur í gegnum æfingar og umræður. Það er Þorbjörg Þorvaldsdóttir, fyrrverandi samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna, sem hefur haft veg og vanda að þróun gagnræðunnar og þakka Samtökin '78 henni fyrir það góða starf. Eftir þjálfunarferli í lok árs 2025 bættust Kristmundur Pétursson og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir við fræðarateymi vegna gagnræðunnar.

Fræðsluerindum um gagnræðu fjölgaði nokkuð á árinu og voru um 12 talsins hjá fyrirtækjum, stofnunum og með starfsfólki sem vinnur með börnum og ungmennum. Það er ljóst að þörfin fyrir fræðsluerindi af þessu tagi er mikil og er það von samtakanna að við getum sinnt enn fleiri fræðsluerindum og vinnustofum á yfirstandandi starfsári auk þess að þróa efnið enn frekar svo að það nái til fleiri hópa.

ÚTGÁFA FRÆDSLUEFNIS

REGNBOGINN DOFNAR EKKI MEÐ ÁRUNUM

Á vordögum 2025 kom út bæklingurinn *Regnboginn dofnar ekki með árunum – úrræði fyrir eldra hinsegin fólk*. Í bæklingnum er farið yfir þau atriði sem snerta hinseginleikann og snertiflöt hans við eldra fólk.

GREINASKRIF STARFSFÓLKS OG STJÓRNAR

Vísir	Atlaga gegn trans fólki er atlaga gegn mannréttindum
19. maí 2025	Bjarndís Helga Tómasdóttir og Drífa Snædal
Vísir	Við munum aldrei fela okkur aftur
27. maí 2025	Kári Garðarsson
Vísir	Sýnum þeim frelsið
8. ágúst 2025	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Vísir	Ekki líta undan
4. desember 2025	Bjarndís Helga Tómasdóttir og Reyn Alpha.
Tímarit Hinsegin daga	Lagaleg réttindi skipta máli
9. ágúst 2025	Kári Garðarsson.
Tímarit Hinsegin daga	Hvaða bakslag?
28. ágúst 2025	Þorbjörg Þorvaldsdóttir

YFIRLÝSINGAR STJÓRNAR SAMTAKANNA '78

ÍSLAND BER ÁBYRGÐ
23. JANÚAR 2025

Ísland er í fararbroddi í heiminum í jafnréttismálum, sérstaklega þegar kemur að löggjöf sem tryggir réttindi trans og intersex fólks. Horft er til okkar sem fyrirmyndar og það sem við gerum og segjum þegar önnur ríki brjóta á mannréttindum borgara sinna hefur þess vegna mikla vigt á alþjóðavettvangi.

Samtökin '78 kalla eftir því að íslensk stjórnvöld standi við eigin yfirlýsingar um stuðning við mannréttindi hinsegin fólks og fordæmi nýja tilskipun Bandaríkjaforseta, sem hreinlega afneitar tilvist trans fólks og intersex fólks. Í tilskipuninni er ráðist markvisst að bandarísku trans fólki og réttindi þeirra að engu gerð. Við köllum eftir því að utanríkisráðherra boði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi á sinn fund og komi sjónarmiðum Íslands skýrt á framfæri á alþjóðlegum vettvangi og í opinberum samskiptum við Bandaríkin á næstu mánuðum og árum.

Í beinu samhengi við þróun mála vestanhafs hafa Samtökin '78 fengið til sín holskeflu fyrirspurna frá bandarísku hinsegin fólki um það hvernig hægt sé að flytja til Íslands. Ef fram fer sem horfir gætu íslensk stjórnvöld staðið frammi fyrir því innan tíðar að þurfa að taka afstöðu til þess hvort taka eigi á móti hinsegin flóttafólki frá Bandaríkjunum. Svo alvarleg er staðan.

Utanríkisstefna Íslands hefur undanfarin ár einkennst sterklega af því að Ísland kalli eftir virðingu fyrir mannréttindum hinsegin fólks víða um heim. Sú áhersla hlýtur einnig að gilda þegar vinapjóðir eiga í hlut. Það er skylda Íslands og ábyrgð að tala skýrt fyrir mannréttindum þegar þau eru brotin og halda á lofti þeim gildum um frelsi sem íslenskt samfélag hefur í hávegum. Vinur er sá er til vammis segir. Ísland tók nýlega sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og hefur því sérstaklega gott tækifæri til þess að standa með bandarísku hinsegin fólki og varpa ljósi á mannréttindabrot bandarískra stjórnvalda, sem ekki sér fyrir endann á.

Við sendum loks samstöðu- og baráttukveðjur til systkina okkar í Bandaríkjunum. Stjórnmalaleiðtogar geta haft áhrif á líf okkar, en þeir stjórna því ekki hver við erum. Hinsegin fólk hefur alltaf verið til og verður alltaf til, óháð því hvað stjórnvöld á hverjum tíma segja.

SAMTÖKIN '78 KALLA EFTIR ÞVÍ AÐ ÍSRAEL VERÐI VIKIÐ ÚR EUROVISION 9. MAÍ 2025

Samtökin '78 fordæma þjóðarmorð Ísraels á Gasasvæðinu, þar sem tugir þúsunda hafa verið drepin undanfarið eitt og hálft ár og mannúðaraðstoð visvítandi haldið frá saklausum borgurum sem eiga sér enga undankomuleið. Samtökin hafa áður fordæmt þjóðarmorðið, en það var gert með yfirlýsingu félagsfundar í nóvember 2023.

Þátttaka Ísraels í Eurovision, þrátt fyrir að Ísrael standi frammi fyrir málsóknum bæði hjá Alþjóðlega sakamáladómstólnum og Alþjóðadómstólnum vegna meintra stríðsglæpa og þjóðarmorðs, dregur úr trúverðugleika keppninnar sem vettvangs fyrir samstöðu, fjölbreytileika og frið. Samband evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) útilokaði Rússland frá keppninni árið 2022 eftir innrás þeirra í Úkraínu. Að halda nú fram hlutleysi gagnvart Ísrael undirstrikar tvöfalt siðgæði sambandsins og grefur undan trúverðugleika þess. Samtökin '78 kalla eftir því að Ísrael verði vikið úr Eurovision.

Almenningur um allan heim fylgist hjálparlaus með þeim voðaverkum sem ísraelsk stjórnvöld standa fyrir. Tækifæri til að hafa bein áhrif eru fá, en fólk reynir að beita stjórnvöld og stofnanir þrýstingi og krefjast þess að eitthvað verði gert áður en tugþúsundir til viðbótar láta lífið í glóruleausu stríði. Við teljum nauðsynlegt að nýta öll tækifæri sem gefast til að krefjast ábyrgðar og réttlætis.

Grundvallarmannréttindi eru algild. Hinsegin fólk er að finna í öllum samfélögum heims, meðal annars í Palestínu. Samtökin '78 hafna á sterkasta mögulega hátt allri notkun á stöðu hinsegin fólks í Palestínu sem réttlætingu á fjöldamorði á saklausum borgurum. Friður, frelsi og öryggi er það sem skapar rými fyrir samtal og framgang þeirra réttinda sem við viljum að öll hinsegin systkini okkar fái að njóta.

AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA Í MÁLEFNUM HINSEGIN FÓLKS

Í lok árs 2025 lauk fyrstu aðgerðaráætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks. Lok áætlunarinnar voru tímamót þó ekki hafi tekist að klára alla þætti áætlunarinnar. Það sem eftir situr, en er komið vel á veg, er fræðsla fyrir lögreglu, könnun um líðan barna og ungmenna í skólum og reglugerð um blóðgjafir sem hefur ekki tekið breytingum. Þrjár aðgerðir voru ekki framkvæmdar í samræmi við áætlunina á tímabilinu. Þær eru: Líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni og Líðan hinsegin öryrkja og aldraðra sem skeytt var saman sem rannsókn í eina yfirlitsskýrslu, framkvæmda af Þorsteini Vilhjálmssyni fyrir Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, útgefin í mars 2025 en þar var einnig var bent á þetta ósamræmi. Aðgerðin *Aðgengi trans fólks – vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki* hefur einnig ekki verið fullframkvæmd en ekki hafa verið gerð reglugerðarbreytingar á 6.8.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um aðgengi að salernum og snyrtingum á vinnustöðum sem samsvarar öðrum reglugerðum um kynhlutlaus salerni og sérklefa.

Samhliða þeirri vinnu sem Samtökin '78 sinntu, við að ljúka þessari fyrstu áætlun, var starfsfólk samtakanna í virku samráði við bæði skrifstofu jafnréttismála við dómsmálaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið vegna draga að aðgerðum í nýrri áætlun, fyrir tímabilið 2026–2029. Þær Bergrún Andradóttir skrifstofustjóri og Edda

Sigurðardóttir fræðslustýra áttu fundi með sérfræðingi hjá barna- og menntamálaráðuneyti og einnig áttu Þorbjörg Þorvaldsdóttir samskiptastjóri og Bergrún fundi með sérfræðingi hjá dómsmálaráðuneytinu. Í byrjun sumars efndi dómsmálaráðuneytið, sem nú ber ábyrgð á aðgerðaráætluninni, til samráðsfundar með Samtökunum '78 og öðrum hagsmunabaráttusamtökum þar sem kynntar voru þær aðgerðir sem teknar voru inn í áætlunina. Í kjölfarið var aðgerðaráætlunin lögð fram sem drög í samráðsgátt stjórnvalda. Samtökin '78 voru gagnrýnin í umsögn sinni, mæltu fyrir því að aðgerðaráætlunin yrði lögð fram sem frumvarp en skiluðu í lok septembermánaðar umsögn sem lesa má á vefsíðu félagsins.

HAGSMUNAGÆSLA INNAN MÁLAFLOKKA

MÁLEFNI ELDRA HINSEGIN FÓLKS

Samtökin leggja nú sem áður áherslu á eldra hinsegin fólk í starfi sínu. Í lok árs 2025 opnaði Regnbogalínan sem er sjálfbóðaliðadrifin símalína fyrir eldra fólk. Símatími hennar er einu sinni í viku eða á mánudögum frá 12-16 alla daga ársins. Upplýsingabæklingurinn *Regnboginn dofna ekki með árunum* var gefinn út samhliða opnun Regnbogalínunnar með upplýsingum um málefni eldra hinsegin fólks.

Samtökin hafa farið með fræðsluerindi um hinseginleika eldra fólks á nokkrar stofnanir á árinu en stefnan er sett á að fjölga slíkum fræðsluerindum í samstarfi við opinbera aðila og einkafyrirtæki á næstu misserum. Fulltrúar samtakanna tóku þátt í virknipingi í september í tilefni af íþróttaviku Evrópu.

HEILSA OG LÍÐAN HINSEGIN FÓLKS

Rannsóknarverkefnið *Heilsa og líðan hinsegin fólks* er hluti af aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkur og hlaut verkefnið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2024. Verkefnið var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Samtakanna '78. Rannsóknin byggði á gögnum úr könnuninni Heilsa og líðan sem embætti landlæknis framkvæmir á fimm ára fresti. Sérstaklega voru skoðaðir lykilþættir á borð við reynslu af ofbeldi, áfengis- og vímuefnaneyslu og geðheilsu og varpaði rannsóknin ljósi á einstakar áskoranir hinsegin samfélagsins á þeim sviðum.

Markmiðið var að komast að því hvort almenn heilsa og líðan hinsegin fólks sé ólík heilsu og líðan síð gagnkynhneigðra, með sérstaka áherslu á áfengis- og vímuefnaneyslu og upplifun af ofbeldi. Erlendar rannsóknir sýna ítrekað fram á að heilsa og líðan hinsegin fólks sé marktækt verri en annarra og eru sterkar vísbendingar um hið sama í íslensku samfélagi.

Niðurstöðurnar voru nýttar til að móta aðgerðir og styðja við heilsu hinsegin fólks.

Hinsegin fólk kom verr út úr nánast öllum lykilþáttum sem kannaðir voru í rannsókninni. Þau upplifa líkamlega og andlega heilsu sína verri en þau sem ekki eru hinsegin og eru líklegri til að hafa upplifað eða verið með síþreytu, kvíða, streitu, áfallastreituröskun og/ eða þunglyndi. Þá eru hinsegin einstaklingar líklegri til að hafa orðið fyrir hvers kyns ofbeldi; andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu.

SAMSKIPTI VIÐ FÉLÖG

GULUR SEPTEMBER

Gulur september er samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem vinna saman að geðrækt og sjálfsvígsforvörnum en Samtökin '78 tóku þátt í því í ár. Þær Þorbjörg Þorvaldsdóttir samskipta- og kynningarstjóri og Sigríður Birna Valsdóttir teymisstýra ráðgjafa kynntu starfsemi og úrræði sem eru í boði hjá Samtökunum '78 á samfélagsmiðlum í september.

RAUÐI KROSSINN

Samtökin '78 eiga í góðu samstarfi við Rauða krossinn, til að mynda varðandi mál-efni eldra hinsegin fólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Á árinu funduðu Edda fræðslustýra, Þorbjörg samskipta- og kynningarstjóri og Kári framkvæmdastjóri með fulltrúa Rauða krossins vegna þessara málaflokka. Bergrún skrifstofustjóri situr einnig í teymi um málefni innflytjenda og flóttafólks Rauða krossins.

UN WOMEN

Formaður og framkvæmdastjóri áttu samráðsfund með stjórnendum UN Women 20. febrúar. Tilgangurinn var að stilla saman strengi og athuga með hvaða hvaða hætti samtökin tvö geta unnið enn meira saman í náninni framtíð.

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Á árinu áttu formaður og framkvæmdastjóri nokkra samstarfsfundi með Öryrkjabandalagi Íslands. Á fundunum var m.a. rætt um vilja samtakanna til að leigja húsnæði í Mannréttindahúsi, samstarf um hvernig við getum aukið þátttöku hinsegin fatlaðs fólks í starfi samtakanna og rætt almennt um inngildingu í starfinu okkar.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Samtökin '78 og Kvenréttindafélag Íslands eiga í góðu samstarfi sem endranær, en framkvæmdastjórar félaganna funduðu nokkrum sinnum á árinu.

KVENNAÁR

Árið 2025 var kvennaár, en Samtökin '78 tóku virkan þátt í viðburðum tengdum því og fóru fram nokkrir samstarfsfundir undirbúningsnefndar á haustmánuðum sem Samtökin '78 sátu. Ungmennaráð Samtakanna '78 tók virkan þátt í Kvennaverkfallinu sjálfu, þann 24. október sl. Þjarnís Helga Tómasdóttir, formaður samtakanna sat í framkvæmdastjórn kvennaárs fyrir hönd samtakanna.

LGBT+ DANMARK OG RFSL

Norræn samvinna var áberandi á árinu, en framkvæmdastjóri átti nokkra fundi bæði með framkvæmdastjóra LGBT+ Denmark og formanni RFSL í Svíþjóð.

AFSTAÐA

Í lok árs áttu formaður og framkvæmdastjóri fund með formanni Afstöðu, félagi fanga. Rætt var um aðbúnað fanga, möguleikann á sameiginlegum fræðsluerindum Samtakanna '78 og Afstöðu og almenna stöðu hinsegin fólks í fangelsum landsins.

SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

TRANSTEYMI BUGL

Áfram er gott samstarf milli Samtakanna '78 og transteymis barna- og unglinga-geðdeildar Landspítala. Á árinu áttu Samtökin '78 bæði formlega fundi með teyminu og voru í góðum samskiptum við það þess á milli. Samtökin '78 eru mjög ánægð með hversu gott teymi er á deildinni og með þau góðu samskipti sem hafa skapast á milli Samtakanna '78 og BUGL á undanförunum árum. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa hjá Samtökunum '78, hefur verið helsti tengiliður félagsins við transteymið. Vonast er eftir áframhaldandi góðu samstarfi því næg eru verkefni.

TRANSTEYMI LSH

Líkt og með transteymi BUGL, sem oftast er kallað „yngra teymið“, þá voru samskipti og samstarf við transteymi Landspítala – Háskólasjúkrahúss, oft kallað „eldra teymið“ mjög góð á starfsárinu. Asa Radix, læknir með mikla reynslu og þekkingu á kynstaðfestandi meðferð, hóf störf hjá teyminu í október en hán er einnig forseti WPATH og hefur því mikla yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu trans fólks á heimsvísu. Asa virðist, líkt og forveri hás Elizabeth McElrea sem lét af störfum hjá trans teyminu á árinu, hafa áhuga á góðu samtali við hinsegin samfélagið og hefur sýnt áhuga á því að koma á fræðslufundum og spjalli við trans samfélagið í gegnum Samtökin '78 og Trans Ísland. Við erum í samstarfi við transteymið til að finna út úr því hvernig og hvenær það getur orðið.

Þá hafa verið haldnir reglulegir fundir á árinu með transteymi LSH ásamt fulltrúum úr stjórn Trans Íslands. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa, hefur verið helsti tengiliður Samtakanna '78 við transteymið.

Transteymið byggir þjónustu sína á alþjóðlegum leiðbeiningum WPATH og þau hafa sýnt að það er þeim mikilvægt að hafa þjónustuna í lagi og í samræmi við bestu mögulegu þekkingu. Biðlisti eftir hormónameðferð hefur því miður aðeins lengst og er nú í kringum 6–8 mánuðir frá fyrsta viðtali. Aðgengi að brjóstnámsaðgerðum hefur verið erfitt undanfarna mánuði og ýmislegt óljóst varðandi þær en við bindum vonir við að upplýsingar verði skýrari varðandi brjóstnámsaðgerðir á næstu mánuðum. Við munum halda áfram að gera okkar besta til að afla upplýsinga og hafa áhrif á kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu

Það hefur gengið vel að stytta biðlista eftir kynfæraaðgerðum trans kvenna en transteymið hefur haldið áfram formlegu samstarfi við teymi lækna í Hollandi sem framkvæmir þær aðgerðir. Fólk hefur einnig verið að sækja þjónustu á klíník í Hollandi síðustu 36 mánuði og transteymið hefur einnig verið í óformlegu sambandi við þá klíník og aðstoðað fólk við að komast þangað. Sjúkratryggingar hafa greitt þessar aðgerðir, uppihald og ferðir að fullu. Nú er staðan sú að biðlistar eru nær engir í þessar aðgerðir. Það hafa orðið miklar úrbætur í eftirfylgd hjá transteymi eftir þessar aðgerðir og við fögnum því.

Við vonumst einnig eftir áframhaldandi góðu samstarfi við eldra teymið. Það hefur haft góð áhrif á samstarf við teyminu að nú erum við með ráðgjafa sem sinna verktakavinnu hjá okkur sem starfa einnig í teyminu LSH, eins hefur það haft mjög góð áhrif á þróun þjónustunnar að heilbrigðismenntuðu trans fólki hefur fjölgað í teyminum.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Samtökin hafa átt í góðu samstarfi við Ríkislögreglustjóra undanfarin misseri. Unnið hefur verið að gerð fræðslumyndbanda um hinsegin málefni fyrir lögreglufólk og eru þau nú tilbúin. Á árinu 2026 er stefnt að fræðsluerindum fyrir öll lögregluumdæmi, sérstaka fræðslu fyrir starfsfólk Fjarskiptamiðstöðvar og að tengja fræðsluefni við nám og endurmenntun lögreglufólks.

ÞJÓÐKIRKJAN

Samtökin '78 hafa undanfarin ár verið í virku samtali við Þjóðkirkjuna. Framkvæmdastjóri og formaður funduðu með biskupi Íslands, frú Guðrúnu Karls Helgudóttur þann 25. febrúar. Þar voru lögð fyrstu drög að frekari fræðslu innan kirkjunnar en áætlað er að sú fræðsla fari fram á árinu. Bjarndís, formaður Samtakanna '78, hélt svo erindi á presta-stefnu þann 30. apríl sem bar yfirskriftina: *Af hverju ætti ég að láta mig málefni hinsegin fólks varða?* Erindinu var virkilega vel tekið.

SAMSKIPTI VIÐ RÁÐUNEYTI

HEIMSÓKN NÝRRA ÞINGMANNA

Þann 20. janúar bauð stjórn samtakanna öllum nýjum þingmönnum á Alþingi í heimsókn á Suðurgötuna. Þar fengu þingmennirnir kynningu á starfi samtakanna og gátu spurt stjórn og starfsfólk spurninga.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- 10. apríl 2025 Minnisblað til dómsmálaráðherra.
Efni: Brottvísun trans konu og ungs sonar hennar frá Íslandi.
- 20. október 2025 Fundur með dómsmálaráðherra.
Styrktarsamningur við ráðuneyti hinsegin málefna. Sértekir samningar. Regnbogakortið. Lög um kynrænt sjálfræði.

BARNA- OG MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- 15. október 2025 Fundur með mennta- og barnamálaráðherra.
Endurnýjun styrktarsamnings vegna fræðsluefnis.

Samantekt: Samtökin '78 eru leiðandi afl í mannréttindabaráttu hinsegin fólks á Íslandi. Samtökin reka mikilvæga þjónustu við hinsegin samfélagið og gegna mikilvægu hlutverki í fræðslu og ráðgjöf um málefni hinsegin fólks hérlendis.

Í niðurstöðum nýlegra rannsókna á stöðu hinsegin fólks kemur fram að líðan og heilsa þessa hóps er almennt töluvert verri en annarra. Í sömu rannsóknum kemur fram að 15–20% svarenda skilgreina sig hinsegin og er því ljóst að um stóran hóp fólks er að ræða.

MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐUNEYTIÐ

- 3. desember 2025 Fundur með ráðherra.
Umræða um hinsegin mál sem skyldufag í grunnnámi háskólanna, lög um framhaldsskóla og lög um grunnskóla, 50 ára afmæli Samtakanna '78.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

19. febrúar 2025 Fundur með utanríkisráðherra.

Samantekt: Samtökin '78 leggja ríka áherslu á að Ísland beiti sér af krafti á alþjóðavettvangi fyrir réttindum hinsegin fólks, þ.m.t. fyrir áframhaldandi stöðu sérstaks óháðs sérfræðings hjá Sameinuðu þjóðunum um málefni hinsegin fólks. Þá leggja samtökin áherslu á að íslensk stjórnvöld vinni gegn því bakslagi sem orðið hefur alltof víða í heiminum á undanförunum árum, m.a. í gegnum setu sína í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Beina samtökin þar meðal annars spjótum sínum að nýlegum, grafalvarlegum og mannfjandsamlegum breytingum á stefnu Bandaríkjanna í garð trans fólks. Þá vilja samtökin vekja athygli utanríkisráðherra á stórauðinni eftirspurn eftir þátttöku Samtakanna '78 í alþjóðlegu samstarfi.

Helstu málefni til umræðu: Áherslur Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastarf Samtakanna '78.

ATVINNUVEGARÁÐHERRA

11. nóvember 2025 Fundur með atvinnuvegaráðherra

Málefni til umræðu: Aðgerðaráætlunin og þingleg meðferð, könnun – landbúnaður og sjávarútvegur, húsnæðismál.

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

Líkt og fyrri ár sendu Samtökin '78 inn umsagnir við hin ýmsu frumvörp og aðgerðir er varða réttarbætur hinsegin fólks. Til Alþingis voru sendar umsagnir um tvö frumvörp, þ.e. almenn hegningarlög (þrenging á hatursorðræðu) og laga um brottfararstöð. Samtökin '78 sendu einnig inn í samráðsgátt umsagnir vegna draga og áforma um þingsáætlun um aðgerðaráætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks 2026–2029, sem og framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum og drög að landsáætlun gegn kynbundu ofbeldi gegn konum. Þessar umsagnir og þær sem eldri eru má lesa á vefnum samtokin78.is/starfsemin/umsagnir/


KÖNNUN UM VIÐHORF TIL HINSEGIN FÓLKIS

Samtökin '78 lögðu fyrir þrjár spurningar um viðhorf til hinsegin fólks, hinsegin fræðslu í grunnskólum og réttindabaráttu trans fólks í Þjóðarpól Gallup í fyrsta sinn í júní 2023, og voru tvær þessara spurninga endurteknar árið 2024. Könnunin var lögð fyrir í þriðja sinn í upphafi júnímánaðar á síðasta ári.

Íslenskt samfélag hefur ... í að samþykka fólk sem er trans.

Ekki gengið nógu langt 38%	Gengið hæfilega langt 42%	Gengið of langt 20%
12% tóku ekki afstöðu.		
2024: 39%	2024: 42%	2024: 19%

Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við að grunnskólabörn fái fræðslu í skólanum um hinsegin málefni?



■ Frekar ósátt(ur) 8% (2024: 9%)

■ Mjög ósátt(ur) 6% (2024: 5%)

■ Að öllu leyti ósátt(ur) 7% (2024: 4%)

Sömu breytur tengdust svörun fólks í báðum spurningum, þ.e. aldur, kyn, búseta og menntun. Í spurningunni um fræðslu sést aukin skautun í tengslum við málefnið skýrt. Einnig sjáum við í þeirri spurningu sem snýr að trans réttindum að neikvæð þróun er sérstaklega áberandi meðal fólks á aldrinum 30–39 ára.

Áfram er stefnt er að því að endurtaka könnunina árlega. Markmiðið er fyrst og fremst að fylgjast með stöðu mála en einnig að fá upplýsingar sem geta nýst í að ná til fleiri hópa með markvissum hætti.

SKRÁNING Á ALVARLEGUM ATVIKUM

Á starfsárinu voru skráð 23 alvarleg atvik í skrá Samtakanna '78, sem er fækkun um fjögur atvik frá árinu áður. Var atvikum safnað saman úr fjölmiðlum og af samfélagsmiðlum, meðal starfsfólks og úr skráningarformi Samtakanna '78 á vefsíðu þeirra.

Atvikin skiptast með eftirfarandi hætti:

Áreitni	Skemmdarverk	Hótanir	Hatursáróður í almannagými	Líkamsárásir
9	3	1	6	4

KÆRUR OG LÖGREGLUMÁL

Samtökin '78 halda áfram að láta reyna á lög sem sett eru til verndar hinsegin fólki og hafa kært fimm einstaklinga til lögreglu fyrir hatursorðræðu á árunum 2023 og 2024. Á árinu 2025 dæmdi héraðsdómur í máli Páls Vilhjálmssonar en fjallað er um þann dóm hér að neðan. Önnur mál eru útmist í rannsókn eða í ákærumeðferð, svo við vitum til.

Þegar ákveðið er að kæra fyrir hatursorðræðu er alltaf horft bæði til stöðu viðkomandi einstaklinga í samfélaginu (og þar með líkum á að ummæli þeirra hafi samfélagsleg áhrif), alvarleika ummælanna og til endurtekningar þeirra.

SÝKNUDÓMUR VEGNA HATURSORÐRÆÐU

Páll Vilhjálmsson var í júlí sýknaður af ákæru Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir hatursorðræðu. Samtökin '78 lögðu fram kæru á hendur Páli þann 30. október 2023, þar sem Páli var gefið að sök að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi, þ.e. með ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífs, með því að hafa ráðist opinberlega með háði, rógi og smánun á hóp ónafngreindra manna vegna kynhneigðar og/eða kynvitundar þeirra, með tilgreindum ummælum, sem birtust á vefmiðli ákærða 13. september árið 2023.

Var brot Páls talið varða við 233. grein almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Ummælin sem tiltekin voru í kærinni eru eftirfarandi:

„Samtökin 78 eru regnhlífarsamtök og lífsskoðunarfélag fullorðinna sem áhugasamir eru um klám, kynlíf, kynjaveröld og tælingu barna.“

„Kennsluefnið er tæling dulbúin sem upplýsingar. Meðfædd blygðunarsemi barna er skipulega brotin niður. Börn eru gerð móttækileg fyrir þátttöku í kynlífi og það jafnvel ofbeldiskynlífi - BDSM. Ringluð börn og óörugg (sic) eru gerð efins um eigin sjálfsmynd og talin trú um að þau séu mögulega fædd í röngu kyni. Ringluð börn og óörugg eru síður í stakk búin að veita viðnám fullorðnum með eitthvað misjafnt í huga. Út á það gengur tælingin.“

SAKFELLING VEGNA HATURSORÐRÆÐU

Í febrúar 2026 var Friðgeir Sveinsson dæmdur fyrir hatursorðræðu vegna ummæla í garð trans fólks og Samtakanna '78. Friðgeiri er gert að greiða 200 þúsund krónur í sekt vegna ummæla sinna en sektin rennur í ríkissjóð. Það var Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sem sótti málið og var það gert á grundvelli 233. gr almennra hegningarlaga.

Friðgeir neitaði sök en játaði ummæli sín sem fólust meðal annars í því að kalla Samtökin '78 „hagsmunasamtök barnaníðinga.“ og jafnframt að samtökin væru að „innræta börn“ með „pervertisma.“ Friðgeir bar fyrir sig tjáningarfrelsi og að ummæli hans hefðu verið innlegg í samfélagsumræðu um kynfræðslu barna.

Héraðsdómur Reykjavíkur var aftur á móti skýr í úrskurði sínum og sagði ummæli Friðgeirs „alvarleg, gróflega meiðandi og fordómafull“ og að með þeim hafi Friðgeir farið „út fyrir mörk þess tjáningarfrelsis sem verndað er af stjórnarskrá og mannréttinda-sáttmála Evrópu.“

Samtökin '78 eru meðvituð um mikilvægi menningu og sögu hinsegin fólks á Íslandi. Samtökin hafa unnið að því að reyna að tryggja fjármagn til þess að skrásetja sögu okkar samfélags og einnig til þess að halda veglega upp á fimmtíu ára afmæli Samtakanna '78 sem er þann 9. maí 2028. Kröftug vinna er í gangi í þessum málaflokki í starfi samtakanna.

Árið 2025 var þó merkilegt af þeim sökum að út kom í fyrsta sinn kennslubók um hinsegin sögu á Íslandi fyrir skóla en hana ritaði Vera Illugadóttir stjórnarmeðlimur Samtakanna '78, en fleiri núverandi og fyrrum stjórnarmeðlimir Samtakanna '78 komu einnig að verkinu. Samtökin '78 hafa nú í nokkur ár haldið Landsþing hinsegin fólks á Íslandi, en þar gefst hinsegin samfélaginu tækifæri til þess að fræðast um söguna, spjalla um menningu og tengjast hvoru öðru. Samtökin '78 koma á einn eða annan hátt að dagskrá Regnbogaráðstefnu Hinsegin daga sem er stútfull af hinsegin sögu og Hýrir húslestrar eru mikilvægur hluti af henni. *Tímarit hinsegin daga*, ritstýrt af Bjarndísi Helgu formanni Samtakanna '78, er eina tímaritið á Íslandi sem helgað er hinsegin sögu og menningu en í tímaritið skrifar framkvæmdastjóri Samtakanna '78 einnig ár hvert. Snemma árs 2025 tóku Samtökin '78 þátt í hátíðarforsýningu á *Fjallabaki* sem sýnt var í Borgarleikhúsinu, Sigríður Birna var ráðgefangandi við verkið *Skammarþríhyrninginn* sem fór á fjalirnar að hausti og þá unnu ungmenni í hinsegin félagsmiðstöðinni skapandi leikverk í Vinnuskóla Reykjavíkur sem fjallaði um veruleika hinsegin ungmenna.

Árið 2025 hefur verið merkilegt hvað varðar listir hinsegin fólks, en á árinu var *Skammarþríhyrningurinn*, nýtt verk frá leikhópnum Stertabendu, frumsýnt á fjöllum Borgarleikhússins. Í júní var Midnight Ball haldið í lðnó af REC Arts sem fagnaði ballroom sögu hinsegin fólks, Queer Film Festival var haldið í Bíó Paradís, fyrsta hefti *TMM* árið 2025 var unnið í samstarfi við aðstandendur bókmenntahátíðarinnar Queer Situations, smáritið *Kvár er ég* var prentað í fyrsta sinn, samsýningin *Safakúr / I'm juicing* var opnuð í SIND gallery, ótal ólíkar dragsýningar voru haldnar víða, hinseginleiki var áberandi á danshátíð Reykjavíkur, Hinsegin kórinn og Ukulellur héldu tónleika en auk þess voru ótal sjálfboðaliðadrifnir viðburðir haldnir víða um land. Skáldverk og tónlist hinsegin fólks var einnig áberandi.

Árið 2025 var risastórt í hinsegin menningu, hinsegin listum og hinsegin sögu á Íslandi og segir okkur að hinsegin veruleiki, upplifanir og sköpun þarf rými og á erindi til fleiri en aðeins hinsegin fólks.

ÞRETTÁNDAGLEÐI Í SAFNAHÚSINU



Í byrjun árs 2025 héldu Samtökin '78 upp á þrettándann. Líklega eru fáar hátíðir á Íslandi meira hinsegin en þrettándinn, dagurinn þar sem hefðbundnum reglum er snúið á hvolf og þar sem huldufólk og aðrar verur koma fram. Hinsegin fjölskyldum var í tilefni þrettándans boðið í listasmiðju, sem Sigtýr Ægir og Styrmir Kárasynir héldu utan um, en börn og foreldrar fengu tækifæri til þess að búa til sína eigin töfrasprotu. Þá voru álfadrottningarnar Álfhildur og Álfheiður á staðnum, hægt var að bragða á töfradrykk álfanna auk þess sem myndatökukassi ásamt álfalegum útbúnaði var á staðnum.

Fjörutíu manns mættu og mikil ánægja var með viðburðinn, sem náði hápunkti sínum í samsöng og stjörnuljósum fyrir utan Safnahúsið. Samtökin '78 þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.

SAMSTARF VIÐ LEIKHÓPINN STERTABENDU

Leikhópurinn Stertabenda fékk Samtökin '78 í lið með sér við sköpunarferli *Skammar-Þríhyrningsins*. Sigríður Birna teymisstjóri ráðgjafa átti nokkur samtöl við leikstjóra sýningarinnar auk þess sem hún var til staðar sem ráðgjafi á leiklistarnámskeiði fyrir hinsegin sviðslistafólk sem haldið var í tengslum við ferlið. Þar var farið yfir sköpunar-aðferðir leikhópsins auk þess sem þátttakendur fengu að þróa sitt eigið atriði undir handleiðslu. Í lok námskeiðsins stóð nokkrum þátttakendum til boða að koma fram sem gestaleikarar á sýningunni sjálfri. Í verkinu er tekið á málum sem geta auðveldlega vakið upp erfiðar tilfinningar og minningar fyrir hinsegin fólk og því var talið mikilvægt að hafa ráðgjafa frá Samtökunum '78 til staðar.

KYNJAPING: ANTI-GENDER HREYFINGIN Á ÍSLANDI

Þær Edda Sigurðardóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir héldu utan um fræðslu á anti-gender hreyfingunni á Kynjapingi Kvenréttindafélags Íslands sem fór fram í maí 2025. Erindið var vel sótt og fróðlegt og varpaði ljósi á stöðuna á Íslandi og hvernig hún hefur þróast undanfarin ár. Þær Edda og Þorbjörg ræddu málefnið einnig í útvarpsþættinum Samfélaginu sem er aðgengilegur á spilara RÚV.

FJALLABAK: HÁTÍÐARFORSÝNING

Borgarleikhúsið og Samtökin '78 buðu til sérstakrar hátíðarforsýningar á verkinu *Fjallabak* í vor. Gestum var boðið í kúrekapartý fyrir sýningu en þegar henni lauk stýrði Edda Sigurðardóttir fræðslustýra frábærum pallborðsumræðum um hinseginleikann og karlmennsku. Þátttakendur í pallborðinu voru Ashley Robinson, leikari og höfundur leikgerðar *Fjallabaks*, Agnar Jón Egilsson leikari, leikstjóri og nándarþjálfari fyrir leikverkið, Felix Bergsson leikari og fjölmiðlamaður og Magnús Bjarni Gröndal tónlistarmaður og rekstrarstjóri Samtakanna '78. Við þökkum þeim kærlega fyrir þátttökuna í umræðum og þeim gestum sem hlýddu á, sem og Borgarleikhúsinu fyrir gott samstarf.

HAMINGJUHLAUP

17. maí er alþjóðlegur dagur gegn hinsegin fordómum og Samtökin '78 ræstu af því tilefni Hamingjuhlaupið í fyrsta sinn. Hlaupið var um Elliðarárdalinn í rjómaþlíðu en val var um 7.8 km götuhlaup eða 3 km gleðiskokk. Það var margmenni, bæði ungt fólk, barna-fjölskyldur og dragdrottningar sem flykkust í Elliðarárdalinn en einnig var keppt í 100 metra hlaupi á hælum. Páll Óskar flutti lög og sá um upphitun en hann ræsti einnig hlaupið. Dragdrottningarnar Crisartista, Chardonnay Buble og Úlla la Delish hlupu



100 metra á háum hælum. Samtökin '78 vilja þakka verkefnastjóra, sjálfboðaliðum, hlaupurum, íbúum Elliðaárdalsins, Páli Óskari og öllum þeim sem tóku þátt í gleðinni með okkur.

HEIÐURSMERKI SAMTAKANNA '78 – HÖRÐUR TORFASON

17. maí er alþjóðlegur dagur gegn hinsegin fordómum. Það var margmenni og falleg orka í Karólínustofu á Hótel Borg þegar Bjarndís Helga formaður Samtakanna '78 veitti Herði Torfasyni æðstu viðurkenningu félagsins. Í ræðu sinni sagði Bjarndís meðal annars að fimmtíu árum fyrr, árið 1975, hafi „stóra ljóss“-augnablik í sögu okkar“ hinsegin fólks á Íslandi birst í tímamótaviðtali tímaritsins Samúel.

„Ungur maður, þjóðþekktur og vinsæll leikhús- og tónlistarmaður, birtist undir nafni og mynd í opinskáu viðtali og sagði skýrt að hann væri hommi og varð þannig fyrsti maðurinn á Íslandi til að lýsa því yfir opinberlega að hann hneigðist til eigin kyns. Þessi maður var – og er – Hörður Torfason. Premur árum síðar, árið 1978, var Hörður hvatamaður og einn af stofnendum Samtakanna '78, samtaka homma og lesbía á Íslandi, sem síðar urðu samtök alls hinsegin fólks. Stofnun samtakanna var byltingarkennd og lagði grunninn að þeirri samfélagslegu baráttu sem síðar leiddi til aukinna réttinda, verndar og viðurkenningar fyrir lesbíur, homma, tvíkynhneigða, trans fólk og annað hinsegin fólk. Með því að leggja sitt af mörkum til að skapa skipulagt, öflugt og sýnilegt félag var hann lykilmaður í mótun íslenskrar hinsegin hreyfingar og þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað síðan.“

Samtökin '78 vildu með þessu heiðursmerki þakka Herði fyrir ómetanlegt framlag hans til hinsegin baráttu á Íslandi. Elijah Tindsson söng nokkur lög og Egill Andrason spilaði undir. Við þökkum öllum þeim sem mættu og deildu stundinni með okkur.

TÁKN UM KYNHLUTLAUS RÝMI GERT OPINBERT Á HÖNNUNARMARS

Samtökin '78 leituðu að merki fyrir kynhlutlaus rými í samstarfi við Félag íslenskra teiknara og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Markmið keppinnar var að skapa skýrt, skalanlegt og alþjóðlegt tákn sem vinnur gegn kynjatvíhyggju og getur nýst í hönnun framtíðarinnar – bæði hérlandis og erlendis. Í dómnefnd keppinnar sátu Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna '78, Reyn Alpha, forseti Trans Íslands, Elías Rúni, grafískur hönnuður og stjórnarmeðlimur FÍT, Hrefna Sigurðardóttir, grafískur hönnuður og lektor við Listaháskóla Íslands og Hjalti Karlsson, grafískur hönnuður hjá Karlssonwilker NY.



Hugi Þeyr Gunnarsson, grafískur hönnuður, bar sigur úr þýtum í samkeppni um tákn um kynhlutlaust rými en verðlaunin voru veitt 3. apríl á sýningunni *Tákn fyrir kynhlutlaus rými* á Hönnunarmars. Tílefni samkeppinnar er að í ár eru fimm ár liðin frá samþykkt laga um kynrænt sjálfræði á Íslandi. Á fjórða tug tillagna bárust í samkeppnina sem Samtökin '78, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs stóðu fyrir og eru þær allar til sýnis á sýningunni sjálfri. Verk Huga sýnir útlínur fjögurra manneskja sem skarast og mynda

Þannig rými sem inniheldur fleiri en eina manneskju samtímis. Þessi skörun er táknræn fyrir tilgang kynhlutlausra rýma, sem eru sameiginleg rými allra. Hugi Þeyr útskrifaðist úr grafískri hönnun frá LHÍ vorið 2024, en þar áður hafði hann lokið tónsmíðanámi frá sama skóla. Hann stundar nú starfsnám í Finnlandi hjá auglýsingastofunni Ääri. Við þökkum Félagi íslenskra teignara og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs fyrir frábært samstarf í vetur!

KVENNAVERKFAILLIÐ 24. OKTÓBER – UNGMENNARÁÐ

Í ár voru fimmtíu ár síðan fyrsti Kvænnafrídagurinn fór fyrst fram. Í ár tók Ungmennaráð Samtakanna '78 virkan þátt í deginum og hittist fyrir verkfallið til þess að búa til kröfuskilti sem vöktu mikla athygli í margmenninu enda skilaboðin mikilvæg.

HÝRASTA JÓLATRÉÐ

Hýrasta jólatréð fór af stað í annað sinn í aðdraganda jóla árið 2025. Hönnun ársins var í höndum Hafsteins Himinljóma sem sótti innblástur í laufabrauð. Hýrasta jólatréð er fjáröflunarverkefni Samtakanna '78 og hófst árið 2024, en sala árið 2025 var frábær. Samtökin '78 afhentu Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands jólatréð í byrjun desember og hýrasta jólatréð prýddi stórglæsilegt jólatré Bessastaða. Hýrasta jólatréð er með skemmtilegri verkefnum ársins og Samtökin '78 þakka öllum sem tóku þátt í verkefninu, Hafsteini Himinljóma fyrir hönnun og þeim sjálfboðaliðum sem þökkðu trénu og svo þeim sem keyptu og styrktu starf samtakanna á þennan hátt.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU – HEIÐURSVIÐURKENNING

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra afhendir verðlaun og heiðursviðurkenningu árlega á degi íslenskrar tungu til einstaklinga, félaga og þeirra sem starfa í þágu íslenskunnar. Þann 16. nóvember 2025 fengu Samtökin '78 heiðursviðurkenningu Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytisins við hátíðlega athöfn í húsi Eddu, húsi íslenskunnar. Ráðgjafanefndin var einróma um að viðurkenningin færi til Samtakanna '78 og rökstuðningur hennar svohljóðandi:

Frá stofnun Samtakanna '78 árið 1978 hefur íslensk tunga skipað miðlægan sess í starfi þeirra. Stór hluti af baráttu þeirra fyrir réttindum hinsegin fólks er krafan um tilverurétt innan tungumálsins enda er íslenska lykillinn að íslensku samfélagi. Sú

vinna hefur ekki bara snúist um að berjast gegn útilokun og notkun fordæmandi orða heldur ekki síður um skapandi nýyrðasmíði. Fyrstu mótmælaaðgerðir samtakanna árið 1982 beindust þannig eins og frægt er gegn banni Ríkisútvarpsins á notkun orðanna *hommi* og *lesbía*, sem voru þau orð sem félagsfólk hafði sjálft mótað og kosið að nota um sig.

Á síðari árum hafa Samtökin '78 staðið fyrir nýyrðasamkeppnum undir yfirskriftinni *Hýrgrði* þar sem almenningur er hvattur til að taka þátt í að búa til ný orð sem vantar í íslenska tungu. Þannig hafa samtökin unnið markvisst að því að til séu orð á íslensku sem lýsa því hver við erum og hvernig okkur líður. Tilvist slíkra orða er forsenda þess að hinsegin fólk sé hluti af íslensku samfélagi og menningu en standi ekki utan þess. Nýyrðin hafa þar að auki mörg komist í almenna notkun og mikilvægi framlags Samtakanna '78 til íslenskrar tungu er því ótvírætt.

Samtökin '78 þakka Menningar- nýsköpunar og háskólaráðherra fyrir þennan heiður og munu halda áfram að standa vörð um íslenskuna.



Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að koma á staðinn eða fá viðtalstíma í gegnum síma eða yfir netið fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergjum í húsnæði Samtakanna '78 að Tjarnargötu 4 eða Suðurgötu 3 og í einstaka tilfellum á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds en geta ef þess er óskað styrkt Samtökin '78, gerst Regnbogavinir og/eða félagar í Samtökunum '78. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

Sigríður Birna Valsdóttir hefur sinnt starfi teymisstýru ráðgjafa frá því í september 2022. Auk þess að sinna ráðgjöf og sálrænum stuðningi í viðtölum hefur teymisstýra yfirsýn yfir verkefni ráðgjafabjónustu, heldur utan um þá verktaka sem sinna ráðgjöf og býður upp á handleiðslu fyrir verktaka sem sinna ráðgjöf og fræðslu.

MARKMIÐ RÁÐGJAFARSTARFSINS

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp, auka lífsgæði hans og bjóða upp á hinsegin staðfestandi ráðgjöf. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Flest sem leita til ráðgjafa samtakanna eru hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flest eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð, kynvitund og/eða kyntjáningu á einhvern hátt. Mörg eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins heldur það áfram að aukast að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna eftir fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þau eiga það sameiginlegt að hafa mikla þekkingu á hinsegin málum og eru því vel í stakk búin til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Ráðgjafar geta boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku, frönsku en ef um annað tungumál er að ræða er boðið upp á túlkabjónustu. Einnig er í boði að fá viðtöl hjá hjúkrunarfræðingi og lögfræðiráðgjöf.

Teymistýra ráðgjafa er Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (ráðgjafi frá vori 2009, teymisstýra frá september 2022).

Önnur í teyminu eru:

Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi (frá janúar 2022)

Elín Margrét Ólafsdóttir, barna- og unglingasálfræðingur (frá maí 2022)

Emilía Giess, barna- og unglingasálfræðingur (frá mars 2025)

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)

Ivana Golánová, sálfræðingur (frá mars 2022)

Margrét Nilsdóttir, sálfræðingur (frá október 2022)

Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi (frá september 2018).

Sigurður Ýmir Sigurjónsson, hjúkrunarfræðingur (frá ágúst 2020), hefur sinnt fyrirspurnum og ráðgjöf er varðar heilbrigðisþjónustu hinsegin fólks, bæði til einstaklinga og fagaðila í heilbrigðisþjónustu.

Wiesław Kaminski, meðferðarfræðingur sinnir afmörkuðum verkefnum, sérstaklega ef þörf er á pólskumælandi ráðgjafa.

Ástrós Erla Benediktsdóttir, félagsráðgjafi, hefur haldi utan um hóp fyrir fjölkæra mánaðarlega en ekki sinnt annarri ráðgjöf.

Lögfræðiráðgjöf sinna:

Ingibjörg Ruth Gulin (frá janúar 2023)

Kristrún Elsa Harðardóttir (frá september 2022)

Þær breytingar urðu á teyminu árinu 2025 að Emilía Giess, sálfræðingur hóf störf hjá okkur, Emilía er íslensku og frönskumælandi og býður upp á einstaklingsráðgjöf auk þess sem hún hefur leitt stuðningsfundi. Katrín Sigríður Júlíu Steingrímsdóttir, sálfræðingur, lét af störfum í upphafi árs. Alexander Björn tók frí frá ráðgjöfinni í upphafi árs 2025 en sneri til baka í september.

NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Fólk leitar til ráðgjafa af ýmsum ástæðum. Mörg leita til okkar vegna hinsegin mála sem snerta þau beint, eða einhvern nákominn þeim, á meðan önnur leita vegna annarra mála vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Mál sem koma ítrekað upp í ráðgjöf eru t.d. kvíði, félagskvíði, einangrun, áhrif fordóma á fólk, sambandserfiðleikar, sjálfsskaði, sjálfsvígshugsanir og svo að sjálfsögðu önnur mál sem tengjast beint kynvitund, kynhneigð, kyneinkennum og/eða kyntjáningu.

Ætla má að um 2/3 þess hinsegin fólks sem leitar í þjónustuna sé að taka sín fyrstu skref í að skilgreina hinseginleika sinn á meðan um 1/3 hafi verið með hinseginleika sinn á hreinu í fleiri ár. Þau leita þá frekar vegna annarra mála er ekki snerta hinseginleikann beint. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og/eða kyntjáningu án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum.

Samtökunum '78 berast of oft fregnir af því að félagsfólk hafi leitað til ráðgjafa/meðferðaraðila annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og að þau hafi jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og/eða kyntjáningar, eins getur það birst í því að viðtalið fari að snúast um fræðslu um hinsegin mál fyrir meðferðaraðilann. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við hinseginleika einstaklings og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál.

Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að leita í hinsegin staðfestandi ráðgjöf, þar sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og/eða kyntjáningu þeirra er tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við. Árið 2025 jókst það mikið að fólk leitaði í ráðgjöf vegna áhrifa hatursorðræðu og fordómafullrar umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Fjöldi viðmælenda sem sótt hafa ráðgjafapjónustu




Ef einungis eru skoðaðar upplýsingar frá þeim sem skilgreina sig hinsegin og leita í ráðgjöf fyrir sig þá kemur m.a. eftirfarandi fram:


Kynvitund fólks sem sækir ráðgjafapjónustu




Kynhneigð fólks sem sækir ráðgjafapjónustu



Ástæður þess að fólk sækir ráðgjafapjónustu



Fólk sem sækir ráðgjafapjónustu hefur upplifað



SKJÓLSTÆÐINGAR SAMTAKANNA '78 SEM LEITA AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Um 60 einstaklingar sem leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi eða hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum leituðu til okkar í ráðgjöf árið 2025. Þau eru á misjöfnum stað í ferlinu, sum þeirra eru nýkomin til landsins, önnur hafa verið lengi, sum hafa fengið sjálfkrafa viðbótarvernd og önnur dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þau sækja bæði í sálfélagslegan stuðning og lögfræðiráðgjöf.

Fyrri hluta árs var enn mikið af fólki frá Venesúela í þjónustu hjá okkur en þeim hélt áfram að fækka verulega þegar líða tók á árið og höfum við horft á eftir stórum hópi hinsegin fólks frá Venesúela sem hefur verið vísað á brott. Við vitum ekki um afdrif þessa fólks, sem margt hvert hafði komið út úr skápnunum meðan það var hér og átti ekki afturkvæmt til fjölskyldna sinna. Ríkisstjórnin kynnti heildarstefnumótun í málaflökknum á árinu 2024, en þar er sérstaklega talað um að taka á móti hinsegin fólki sem leitar að vernd. Þrátt fyrir það var okkar skjólstæðingum vísað úr landi.

Undanfarna mánuði hefur hinsegin fólk frá Úganda verið í meirihluta en einnig hefur leitað til okkar fólk frá Mið-Austurlöndum og Úkraínu og fleiri stöðum á starfsárinu.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS 2025

Umfang ráðgjafarþjónustunnar hefur verið nokkuð stöðugt síðustu þrjú árin en þó fækkaði bæði viðmælendum og viðtölum aðeins síðasta árið. Árið 2025 voru viðmælendur í kringum 450 og viðtölin í kringum 1350. Árið 2024 voru viðmælendur í kringum 630 og viðtölin um 1435.

Fleiri viðmælendur koma í lengri tíma en áður og við finnum að fleiri viðmælendur okkar þurfa meiri aðstoð frá ráðgjöfum en eitt viðtal. Þetta má m.a. rekja til þeirra áhrifa sem bakslagið, umræður í samfélaginu og pólitískt landslag í heiminum hefur valdið.

Fagfólk sem starfar með hinsegin fólki t.d. kennarar, námsráðgjafar og starfsfólk velferðar- og heilbrigðisþjónustu sækja hins vegar yfirleitt ráðgjöf eingöngu í eitt skipti en það hefur samt aukist að fagfólk leitar oftast en einu sinni og við finnum að fagfólk upplifir meira óöryggi gagnvart auknum og herskárri fordómum.

Þau sem sækja ráðgjöfina eru af öllum kynjum og er dreifing á milli kynja nokkuð jöfn þó eru konur í nokkrum meirihluta bæði hjá hinsegin fólki og þegar kemur að þeim aðstandendum og fagaðilum sem leita ráðgjafar.

Aldur viðmælenda er frá 8 ára og upp í 80 ára, flestir hinsegin viðmælendur eru á aldrinum 20–40 ára eða um 60% og um 24% eru yngri en 18 ára. Flestir aðstandendur sem leita í ráðgjöf eru hins vegar á aldrinum 30–55 ára.

Að meðaltali sækja viðmælendur um þrjá ráðgjafatíma. Þó verður að hafa í huga að aðstandendur og fjölskyldur koma mögulega í einn ráðgjafatíma á meðan þeim fjölgar stöðugt sem koma í viðtöl mánaðarlega eða oftast yfir lengri tíma og þó nokkur dæmi eru um að einstaklingar komi í yfir 25 viðtöl. Því er erfitt að festa fingur á það hve oft einstaklingar koma þar sem hópurinn sem sækir sér ráðgjöf er fjölbreyttari en nokkru sinni.

Langflestir aðstandendur sem sækja ráðgjöf eru að óska eftir fræðslu og upplýsingum til að geta stutt börn og ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynvitund sinni og/eða kynhneigð og eru að stíga sín fyrstu skref í að koma út fyrir fjölskyldu/vinum og samfélagi. Við finnum fyrir auknum áhyggjum aðstandenda síðasta árið á hvernig samfélagið

tekur á móti börnum þeirra, hvort sem um er að ræða kynhneigð, kynvitund eða kyn-tjáningu. Eins hafa áhyggjur aðstandenda trans barna og ungmenna aukist verulega bæði vegna hræðslu við að heilbrigðisþjónusta verði skert en eins hefur það aukist að fjölskyldumeðlimir séu ekki tilbúnir til að styðja við trans fjölskyldumeðlimi.

Vert er að taka fram að tölur um fjölda viðmælenda taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78 sem eru 7 talsins og yfirleitt haldnir mánaðarlega hver.

STUÐNINGSHÓPAR OG NÁMSKEIÐ

Í upphafi árs var boðið upp á sjö mánaðarlega stuðningshópa. Jafningjahópur fyrir trans fólk var hins vegar lagður niður snemma á árinu og eins hópur fyrir spænskumælandi fólk, þörfin fyrir þessa hópa virðist ekki mikil á þessum tíma en það verður endurskoðað ef annað kemur í ljós. Á árinu fóru einnig í gang nýir hópar og í lok árs voru því starfandi sjö hópar með reglulega fundi sem flestir voru mjög vel sóttir, en um 60–70 manns nýta sér þessa þjónustu í hverjum mánuði. Við fórum einnig af stað með nýtt námskeið fyrir börn á aldrinum 10–12 ára.

HÓPUR FYRIR 13–17 ÁRA

Í janúar 2025 fórum við aftur í gang með reglulega stuðningsfundi fyrir 13–17 ára trans ungmenni, fundirnir voru haldnir einu sinni í mánuði í Spennistöðinni/Hinsegin félagsmiðstöð við Barónsstíg og um 6–9 krakkar nýttu sér fundina reglulega. Sigríður Birna leiddi fundina ásamt Kristmundi og Luca starfsmönnum í Hinsegin félagsmiðstöð. Þessir fundir hafa reynst mjög vel og við munum halda þeim áfram.

HÓPAR FYRIR 18 ÁRA OG ELDRA TRANS FÓLK

Nú eru þrír hópar í boði fyrir fullorðin trans fólk í hverjum mánuði, hópur fyrir trans fólk 18 ára og eldra af öllum kynjum, hópur fyrir trans konur/trans femme og hópur fyrir trans menn/trans masc. Sigríður Birna leiðir hóp fyrir trans fólk 18 ára og eldra og hún leiðir einnig hóp fyrir trans konur ásamt Emilíu Giess. Þessir hópar hafa yfirleitt farið fram á ensku þar sem það hefur aukist að fólk sem ekki talar íslensku sækir í hópana og það hefur gengið mjög vel.

Í maí var farið í gang með hóp fyrir trans menn/trans masc en við vorum í nokkurn tíma búin að finna fyrir þörf á slíkum hópi. Við fengum Bjarka Stein og Alexander Laufdal í lið með okkur og þeir hafa leitt þann hóp mánaðarlega síðan.

Allir þessir hópar eru mjög vel sóttir og eru oft allt að tuttugu manns mætt og það skapast oft mjög góðar og þarfar umræður, við höfum greinilega fundið fyrir meiri þörf fyrir þessum fundum undanfarna mánuði.

HÓPUR FYRIR HINSEGIN FÓLK Í LEIT AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Í lok ársins fórum við í gang með hóp fyrir þá skjólstæðinga okkar sem leita að alþjóðlegri vernd hér á landi. Hópurinn er lokaður og eingöngu fyrir þau sem eru í virkri ráðgjöf hjá okkur eða hafa verið það á undanförunum mánuðum. Markmiðið er að vera með hittinga með 4–5 vikna millibili þar sem fólk getur spjallað saman og deilt reynslu af dvöl sinni hér á landi og fengið fjölbreytta fræðslu og upplýsingar um ýmislegt sem tengist íslenskri menningu, hinseginmálum, andlegri og líkamlegri heilsu og fleiru sem þau hafa

áhuga á. Hópurinn fer mjög vel af stað og við finnum mikla þörf fyrir þessa fundi þar sem þessi hópur upplifir oft mjög mikla einangrun og einmanaleika.

HÓPUR FYRIR AÐSTANDENDUR

Áfram var boðið upp á fundi fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna einu sinni í mánuði. Aðstandendur trans fólks á öllum aldri er velkomið á þessa fundi þrátt fyrir að áherslan hafi verið á börn og ungmenni. Árið 2025 var gerð sú breyting að stjórn Trans vina, hagsmunasamtaka foreldra og aðstandenda trans barna og ungmenna á Íslandi, og Sigríður Birna skiptust á að halda utan um fundi og hefur það gefist vel og mun vonandi halda áfram.

Boðið er upp á streymi á einhverjum fundum og aðstandendum af landsbyggðinni þannig gefið tækifæri til að vera með. Ef boðið er upp á einhverja fræðslu eða fyrirlestur er alltaf boðið upp á streymi.

Stefnt er að því að reyna að bjóða meira upp á skipulagða fræðslu, fyrirlestra og áhuga-verðar heimsóknir á fundum fyrir aðstandendur trans fólks.

HÓPUR FYRIR FJÖLKÆRA

Ástrós Erla hélt áfram að halda utan um stuðningshóp fyrir fjölkæra árið 2025 þar sem markmiðið er að skapa rými fyrir fjölkæra til að fá ráðleggingar og stuðning og möguleika á að byggja upp tengsl við aðra innan hinsegin samfélagsins sem hafa svipaða reynslu. Hópurinn hefur verið mjög vel sóttur og stefnt er að því að halda honum áfram.

REGNBOGASTUND

Við byrjuðum að bjóða upp á Regnbogastund fyrir trans börn og kynjakönnuði á aldrinum 4–10 ára og aðstandendur þeirra árið 2023 en um mitt árið 2024 var gerð pása á starfinu. Stefnt var að því að halda því áfram árið 2025 en því miður náðist einungis að halda eina stund á árinu.

Þau sem hafa haldið utan um Regnbogastund eru Sigríður Birna, Elín Margrét og Alexander Björn ráðgjafar en auk þeirra fengum við til liðs við okkur Sólveigu Rós foreldra- og uppeldisfræðing og Móberg Ordal nema í félagsráðgjöf sem hefur mikla reynslu af því að vinna með börnum.

Þetta starf hefur verið mjög gefandi því við vitum að þörfin er til staðar og viljum reyna að koma til móts við hana. Við sjáum þó ekki fyrir okkur að það sé mögulegt að bjóða upp á þetta starf mánaðarlega eins og lagt var upp með en stefnum að því að reyna að halda Regnbogastundir fyrir þennan hóp tvisvar sinnum árið 2026 og skipuleggja þær með góðum fyrirvara.

SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ MEÐ LISTAÍVAFI

Í febrúar fór í gang sex vikna námskeið fyrir 10–12 ára trans börn og kynjakönnuði þar sem unnið var með sjálfstraust, sjálfsmynd og tilfinningar í gegnum skapandi verkefni. Elín Margrét barna- og unglingasálfræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum '78 hélt utan um námskeiðið ásamt Evu Jenný Þorsteinsdóttur listakonu sem við fengum til liðs við okkur á þessu námskeiði. Námskeiðinu var mjög vel tekið og þátttakendur og foreldrar þeirra mjög ánægðir með námskeiðið.

OPNAR LISTASMIÐJUR

Í febrúar og mars buðum við upp á opnar listasmiðjur fyrir fullorðið fólk á Suðurgötu 3 og fengum til liðs við okkur Mikkel Odu listamann/teiknara og teiknimyndagerðamann frá Tékklandi sem býr hér á landi og vildi leggja okkur lið á einhvern hátt. Hann bauð upp á fimm smiðjur og hver smiðja var sjálfstæð. Í þessum smiðjum var boðið upp á mismunandi listform og nálganir við sögugerð og karaktersköpun. Smiðjurnar gengu mjög vel og var vel tekið af þátttakendum. Smiðjurnar voru hugsaðar fyrir hinsegin fólk til að njóta einangrun og einmanaleika.

HEILSA OG STYRKUR

Verkefnið Heilsa og styrkur fór í gang í upphafi árs 2024 en það ár var boðið upp á tvö heilsuhvetjandi námskeið, eitt á vorönn og annað á haustönn. Upphaflega markmiðið var að ná til trans fólks sem ekki hefur treyst sér til að sækja í heilsuhvetjandi þjónustu sökum kynama. Fljótlega varð ljóst að námskeiðið myndi nýtast mun fleirum innan hinsegin samfélagsins sem af ýmsum ástæðum hafa ekki treyst sér til að sækja í heilsuhvetjandi þjónustu annars staðar sem leiddi til þess að þegar við fórum í gang með námskeiðið í annað skipti var það í boði fyrir allt hinsegin fólk.

Ragnheiður Silja sjúkrabjálfi hefur leitt verkefnið frá upphafi en á haustönn 2024 kom Vilhjálmur Ósk íþrótt- og heilsufræðingur til liðs við hana og hefur hán haldið utan um sálrænan stuðning, hvatningu og aðra fræðslu. Námskeiðið samanstendur af hreyfingu, hvatningu, ýmis konar fræðslu, næringarráðgjöf og sálrænni ráðgjöf.

Þriðja námskeiðið fór í gang í janúar 2025 en því miður náðist ekki að koma námskeiðinu í gang aftur á haustönn 2025 þar sem Ragnheiður Silja fór í fæðingarorlof og ekki náðist að fá sjúkrabjálfa í hennar stað. Ragnheiður stefnir þó að því að koma aftur og við höfum verið að vinna að því að fá annan sjúkrabjálfa í starfið á móti henni.

Þetta er verkefni sem við viljum festa í sessi og stefnan er að halda áfram að þróa þetta námskeið og bjóða upp á námskeið haustið 2026.

Þangað til er stefnan að bjóða upp á tímabundið námskeið með áherslu á heilsu og velíðan sem Vilhjálmur Ósk mun halda utan um og fá fleiri með sér í lið, það námskeið er nú í undirbúningi.

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks og annarra hinsegin einstaklinga sem leita aðstoðar samtakanna. Krístrún Erla Harðardóttir, lögmaður og Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur hafa sinnt lögfræðiráðgjöfinni saman frá byrjun árs 2023.


Krístrún Elsa Harðardóttir, lögmaður sinnir eingöngu ráðgjöf til félagsins sem felst í því að vera ráðgefandi til stjórnar og starfsfólks félagsins vegna ýmissa úrlausnarefna sem upp kunna að koma í starfi félagsins. Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur sinnir frumathugun mála og metur hvort og þá hvenær þurfi að kalla lögmann félagsins að borðinu í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna.

Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur, býður upp á hvers konar lögfræðilega ráðgjöf til félagsmanna auk þess að vera ráðgefandi við starfsfólk og stjórn. Ingibjörg vinnur jafnframt náið með öðrum ráðgjöfum innan samtakanna og hefur sinnt viðtölum með öðrum ráðgjöfum í viðeigandi tilfellum.

Málefni útlendinga, hvort sem er umsækjenda um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi almennt, voru áberandi í lögfræðiráðgjöfinni árið 2025. Lögfræðingur samtakanna veitti þeim aðilum, sem óskuðu eftir lögfræðilegri ráðgjöf, viðeigandi upplýsingar um ferli umsókna um alþjóðlega vernd sem og um önnur álitaefni því tengdu ef upp komu. Þá vann lögfræðingur mikið með öðrum ráðgjöfum samtakanna og skrifaði fjölda bréfa til stuðnings þeim sem til okkar leituðu. Þá gætti lögfræðingur að samstarfi við talsmenn umsækjendanna. Eins voru málefni sem tengjast heilbrigðisþjónustu trans fólks áberandi á árinu.

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil réttarbót fyrir hinsegin fólk, sér í lagi trans og intersex fólks, með tilliti til lögfestingar laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Á sama tíma hefur orðið bakslag og hatursorðræða aukist verulega. Þetta hefur endurspeglast í lögfræðiráðgjöf samtakanna, bæði hjá einstaklingum og gagnvart samtökunum sjálfum. Aukin hatursorðræða hefur borið með sér aukið áreiti, ofbeldi og mismunun gagnvart hinsegin einstaklingum.

Helstu málaflokkar ársins 2025:



ÞRÓUN RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Starf ráðgjafapjónustu er í stöðugri þróun og það er mikill hugur og metnaður í ráðgjöfum fyrir komandi ári. Stöðugildi teymisstýru hefur haft það í för með sér að haldið hefur verið betur utan um ráðgjafa og betri yfirsýn höfð yfir þjónustuna og þörfina á þjónustu.

Við erum með mjög öflugt og hæft ráðgjafateymi og höfum lagt áherslu á að ráða fólk með sem víðtækasta reynslu bæði er kemur að hinsegin málum og þekkingu af sálrænum stuðningi og vinnu með fólki í margs konar vanda. Eins reynum við alltaf að vera með ráðgjafa í okkar röðum sem hafa góða þekkingu á málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Við leggjum áherslu á að öll geti sótt í ráðgjöf og að tungumál sé ekki hindrun. Við bjóðum upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og getum boðið upp á ráðgjöf á pólsku sé þess óskað. Þegar þess þarf leggjum við áherslu á að finna öfluga tülka sem helst hafa einhverja þekkingu/áhuga á hinsegin málefnum og hafa Samtökin '78 verið afar heppin með tülka fram að þessu.

Við leggjum áherslu á endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa og höfum reynt að bjóða upp á reglulega fræðslufundi þar sem bæði er markmiðið að deila þeirri þekkingu sem er til staðar í hópnum og fá viðeigandi utanaðkomandi fræðslu. Við stefnum á að halda því áfram og halda áfram að efla endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa. Eins hefur verið lögð áhersla á að ráðgjafar fái handleiðslu og teymisstýra búið uppá reglulega handleiðslu til ráðgjafa sem þeir hafa verið duglegir að nýta sér undanfarið ár.

Stuðningshópum og fundum fjölga og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig en við höfum líka fundið fyrir þörf á meiri fræðslu, virkninámskeiðum og smíðjum og upplýsingum til félagsfólks og aðstandenda þeirra um afmörkuð mál. Við náðum ekki að sinna þessari þróun eins mikið og við vildum árið 2025 en stefnum á að halda áfram á þessari braut. Við þurfum einnig að halda áfram að finna leiðir til að ná til stærri hóps innan hinsegin samfélagsins til að fleiri sem þurfi á því að halda nýti sér þessi námskeið.

Á árinu urðu miklar breytingar á starfsumhverfi ráðgjafa en við leggjum áfram kapp á að halda því góðu. Við misstum herbergi í rými á Suðurgötu 8 fyrrihluta árs en í maí flutti skrifstofan á Tjarnargötu 4 og þar var innréttað mjög gott herbergi sem eingöngu er ætlað fyrir ráðgjafabjónustu. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa, hefur aðstöðu þar þegar hún er í vinnu. Aðrir ráðgjafar hafa einnig aðgang að herberginu á Tjarnargötu ef það er laust en annars nýta þeir herbergið á Suðurgötu 3 sem alltaf er laust fyrir aðra ráðgjafa.

FRAMTÍÐ RÁÐGJAFABJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafabjónustunnar er að á árinu 2026 verði haldið áfram að styrkja starfið og unnið í ferlum og verklagi. Einnig að sú vinna sem unnin hefur verið við að gera notkun á komuskýrslum og stöðuskýrslum markvissari verði haldið áfram. Við erum með ótrúlega öflugan og færan hóp ráðgjafa sem býr yfir þekkingu á hinsegin málum sem er vandfundin annars staðar. Það er því mikilvægt að halda vel utan um teymið og gera allt til þess að starfsumhverfi þeirra sé þannig að þau vilji vera áfram og að þau geti þróast enn frekar í starfi.

Við höldum áfram að efla endurmenntun og gefa ráðgjöfum færi á að sækja námskeið og/eða ráðstefnur erlendis, bæði til að sækja þekkingu og til að efla tengsl við aðra sem vinna við hinsegin- og kynstaðfestandi bjónustu. Eins er mikilvægt að handleiðsla sé alltaf aðgengileg þar sem mál halda áfram að þyngjast og álagið hefur aukist verulega og við sjáum fyrir að það muni aukast enn frekar á næstu mánuðum.

Mikilvægt er að halda áfram að greina þörfina og halda áfram að gera ráðgjafabjónustuna sýnilegri og reyna að ná til víðari hóps. Eins höldum við áfram að leggja áherslu á mikilvægi hinsegin- og kynstaðfestandi bjónustu (e. queer and gender affirming care) sérstaklega meðal annarra fagaðila innan velferðar og heilbrigðisbjónustu, með samtölum, samvinnu og fræðslu.

Við munum halda áfram að efla stuðningshópana okkar og bæta við hópum. Eins er mikilvægt að farið verði yfir verklag í kringum stuðningshópa og unnið að því að gera starf þeirra sem leiða hópa sem öruggast.

Eins viljum við halda áfram að bæta við virknihópum, fræðsluviðburðum og námskeiðum í styttri eða lengri tíma fyrir börn, ungmenni og fullorðið fólk sem m.a. leiðir að því að rjúfa félagslega einangrun fólks í hinsegin samfélaginu. Það reyndist mjög vel að fá til liðs við okkur fólk úr félaginu eins og Evu Jenný og Mikkell Odu og það er eitthvað sem væri gaman að gera meira af, sérstaklega þegar kemur að virknihópum og smiðjum sem hafa það markmið að rjúfa einangrun.

Að lokum er það draumur teymisstýru ráðgjafa að ráðinn verði ráðgjafi í hlutastarf sem muni aðstoða hana við yfirsýn og greiningu á þörf og að koma í gang öllum þeim verkefnum sem okkur langar að koma í gang.

SAMNINGAR VIÐ HIÐ OPINBERA

Rekstur Samtakanna '78 byggir að stórum hluta á þjónustu- og styrktarsamningum við hið opinbera. Á árinu 2025 urðu breytingar á ábyrgð ráðuneyta þegar samningurinn sem áður heyrði undir forsætisráðuneytið færðist yfir til dómsmálaráðuneytis. Samningar samtakanna eru áfram ein af grunnstoðum rekstursins og tryggja nauðsynlegt fjármagn til fræðslu-, ráðgjafa- og hagsmunastarfs, auk þátttöku í nefndum, ráðum og samstarfsverkefnum á vettvangi hins opinbera. Þá barst Samtökunum styrkur frá Barna- og menntamálaráðuneyti vegna vinnu við aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks 2026–2029.


ÞRÓUN SAMNINGA OG REKSTRARTEKNA

Undanfarin ár hefur orðið stöðug aukning í samningum og rekstrartekjum samtakanna. Sú þróun endurspeglar bæði aukið umfang starfseminnar og aukna eftirspurn eftir þjónustu. Á árinu 2025 var sérstök áhersla lögð á að viðhalda þeim samningum sem þegar hafa náðst, standa undir skuldbindingum þeirra og tryggja gæði og afhendingu í takt við aukið umfang. Markvisst hefur verið unnið að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll félagsins til lengri tíma, bæði með langtímasamningum og aukinni sjálfsaflafjáröflun.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Verkefnið Regnbogavinir er orðið ein mikilvægasta stoð sjálfsaflafjár samtakanna. Regnbogavinir eru einstaklingar sem styðja starfið með mánaðarlegum framlögum og gera samtökunum kleift að standa undir almennum rekstri og þróunarverkefnum.

Tekjur af Regnbogavinum hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og verkefnið leggur nú verulegt framlag til starfsemi Samtakanna.



AÐRIR STYRKIR OG SAMSTARFSAÐILAR

Líkt og fyrri ár nutu Samtökin '78 stuðnings fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í formi fjárstyrkja, afsláttar og vörustyrkja. Slíkur stuðningur léttir verulega undir með daglegum rekstri og eflir starfsemina.

Samtökin leggja áfram áherslu á að fjölga styrktaraðilum og byggja upp fjölbreytt tekjuöflunarkerfi til að tryggja sjálfbærni.

HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

Hinsegin kaupfélagið starfaði áfram sem sameiginlegt fjáröflunarverkefni Samtakanna '78 og Hinsegin daga. Áhersla var lögð á að styrkja verkefnið og auka vöruúrval.

Sala jókst á árinu og sýndi meðal annars velgengni verkefna á borð við Hýrasta jólatréð hversu mikil eftirspurn er eftir hinsegin vörum. Kaupfélagið er sífellt mikilvægari þáttur í fjáröflun samtakanna.

BÓKHALD, FERLAR OG GAGNSÆI

Með stækkandi starfsemi hefur þörfin fyrir skýra ferla og gagnsæi í fjármálastjórn aukist. Á árinu 2025 var bókhald og fjármálaferlum sinnt af rekstrarstjóra og batnaði yfirsýn og utanumhald verulega, bæði hvað varðar innsýn í rekstur og eftirfylgni með útgjöldum, verkefnum og skuldbindingum. Áfram er unnið eftir skýrum reglum um fjármál og meðferð fjármuna, með það að markmiði að tryggja faglega og ábyrga stjórnun.

STARFSFÓLK OG VERKTAKAR

Starfsmannahald Samtakanna '78 hefur tekið nokkrum breytingum á starfsárinu. Á skrifstofu Samtakanna '78 starfa fjórir starfsmenn í fullu starfi í byrjun árs 2026. Kári Garðarson hefur gengt stöðu framkvæmdastjóra frá júní 2024. Bergrún Andradóttir hefur gegnt stöðu skrifstofustýru frá 2022. Hún var upphaflega ráðin í apríl 2021 en Bergrún hefur einnig sinnt starfi aðstoðarframkvæmdastjóra frá nóvember 2023. Sigríður Birna Valsdóttir hefur verið teymisstýra ráðgjafa frá september 2022 og sinnir utanumhaldi ráðgjafabjónustunnar auk þess að bjóða áfram ráðgjöf sem hún hefur gert í um 15 ár. Magnús Bjarni Gröndal rekstrarstjóri var ráðinn í nóvember 2023 en hann heldur utan um bókhald og fjármál samtakanna auk þess að sjá um samfélagsmiðla og verkefnastýra viðburðum og samstarfsverkefnum.

Á árinu 2025 urðu mannabreytingar á skrifstofunni. Samtökin '78 þakka Eddu Sigurðardóttur og Þorbjörgu Þorvaldsdóttur kærlega fyrir þeirra störf og óska þeim góðs gengis.

Samhliða vaxandi verkefnum er unnið að endurskipulagningu skrifstofunnar til að mæta betur þeim fjölbreyttu verkefnum sem samtökin sinna, styrkja innri ferla og tryggja að starfsemin sé sjálfbær til framtíðar. Eftir þörfum var einnig unnið með verktökum og sérfræðingum að afmörkuðum verkefnum.

STARFSNEMAR Á SKRIFSTOFU

Shiloh Lecomte kom í september 2024 og lauk starfsnámi sínu árið 2025. Shiloh kom sterkur inn sem sjálfbóðaliði í HinUng og nokkrum stuðningshópum og tók virkan þátt í starfsemi nokkurra aðildafélaga. Samtökin '78 þakka Shiloh innilega fyrir sín störf með félaginu.

Viktor Luca Forte kom inn sem starfsnemi í nóvember 2025 sem hluti af námi hans í Tómtunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Hann sinnti í starfsnáminu verkefnum tengdum vefsíðunni, ráðgjöf og ungmennastarfinu, en í framhaldi af starfsnáminu réðu Samtökin '78 Luca inn sem starfsmann í Ungmennahús. Við þökkum Luca kærlega fyrir samveruna í nóvember og hlökkum til að fá hann til starfa.

HÚSNÆÐISMÁL


Á árinu 2025 fluttist skrifstofa Samtakanna '78 á Tjarnargötu 4, en Suðurgata 3 var áfram nýtt sem funda-, félags- og ráðgjafarými. Flutningurinn var mikil bót, ekki síst fyrir starfsfólk að losna úr gluggalausum kjallararými. Fjarlægðin er ekki mikil í metrum talið en starfsfólk og stjórn er sammála um að það hafi verið mikið gæfuspor að hefja leigu í rýminu undir skrifstofu og ráðgjöf. Aðstaða okkar að Suðurgötu 3 nýtist nú betur undir daglegan rekstur og móttöku. Samtökin hafa áfram augun opin fyrir heppilegu húsnæði þar sem hægt væri að sameina starfsemina á einum stað, til að bæta þjónustu, samlegð og aðgengi.

HEIMASÍÐA OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Heimasíða Samtakanna '78 og samfélagsmiðlar gegna lykilhlutverki í upplýsingagjöf, fræðslu og tengingu við samfélagið. Á árinu 2025 var sett upp sér viðburðarsíða, með það að markmiði að gera samtökin minna háð erlendum miðlum og bjóða upp á skýrari og aðgengilegri upplýsingaveitu um viðburði og þátttöku.

KOMANDI REKSTRARÁR

Á næstu misserum stefna Samtökin '78 að því að styrkja stöðir rekstursins enn frekar og byggja upp fjölbreyttari og fyrirsjáanlegri tekjustrauma, samhliða því að viðhalda samningum og standa undir þeim skuldbindingum sem fylgja auknu umfangi starfseminnar. Áhersla verður lögð á sjálfbærni, skýrari ferla og áframhaldandi tekjuöflun til að tryggja að samtökin geti sinnt hlutverki sínu af festu og fagmennsku.



AÐALFUNDUR 2025

Aðalfundur árið 2025 var haldinn í Sykursal, Grósku þann 21. mars, kl. 17–19 á föstu-degi eins og undanfarin tvö ár. Fundurinn var vel sóttur og atkvæði voru greidd bæði rafrænt og á staðnum. Fundarstjóri var María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Viðreisnar og fundarritari var Gísli Garðarsson, dómritari. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, dagskrá samkvæmt lögum félagsins, kjör stjórnarfólks og fleira. Fjögur voru í framboði til stjórnar, en kosið var um þrjú laus sæti til þriggja ára. Fór svo að Bjarndís Helga Tómasdóttir var endurkjörin formaður til eins árs. Þeir Hannes Sasi Pálsson og Jóhannes Þór Skúlason voru endurkjörnir og Leifur Örn Gunnarson var nýkjörinn.

Kristmundur Pétursson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þakka Samtökin '78 honum kærlega fyrir sitt góða starf.

Til félagaráðs voru kjörin Anna Katrín Guðdísardóttir, Hrafnhildur Þórólfsdóttir, Ragnar Pálsson, Sigríður Ösp Elínborgar Arnarsdóttir og Þórarinn Snorri Sigurgeirsson en tvö önnur buðu sig fram.

Ásamt kjöri til stjórnar lágu fyrir fjórar lagabreytingatillögur. Voru þær allar samþykktar með örfáum breytingum.

Ítarleg fundargerð aðalfundar er opinber á vef Samtakanna '78.

FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundur að vori var haldinn laugardaginn 17. maí á Karólínustofu á Hótel Borg. Fundarstjóri var Jóhannes Þór Skúlason og fundinn ritaði Vera Illugadóttir. Félagsfundurinn var stuttur og laggóður, en þar fjölluðu skrifstofustýra og framkvæmdastjóri um nýafstaðna flutninga skrifstofunnar á fjórðu hæð Tjarnargötu 4.



Félagsfundur að hausti var haldinn 8.nóvember í Norræna húsinu. Fundarstjóri var Ragnhildur Sverrisdóttir og fundarritari var Vera Illugadóttir. Bjarndís Helga formaður flutti erindi og framkvæmdastjóri, Kári Garðarsson fór yfir stöðu fjármála og verkefna félagsins. Þá voru kynnt framboð í kjörnefnd, en hana skipa María Yngvinsdóttir, Alexandra Briem og Kolbrún Ósk Pétursdóttir. Þá kynnti framkvæmdastjóri aðgerðaráætlun gegn áreitni, einelti og ofbeldi sem var unnin af fagráði Samtakanna '78 ásamt lögfræðingi.

Á fundinum sköpuðust umræður um uppsagnir á skrifstofu og fjárhagsstöðu, húsnæðismál og félagsstarf á Suðurgötunni. Þá var einnig tillaga að minnismerki um alnæmistímann lögð fram. Formaður hvatti félagar til að hafa samband hafi þeir hugmyndir fyrir afmælisár Samtakanna '78, 2028.

Fundargerðir félagsfunda má lesa á vefsíðu Samtakanna '78.

STJÓRN OG ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Stjórn Samtakanna '78 2025–2026 var skipuð eftirfarandi stjórnarfólki:

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður

Hrönn Svansdóttir, varaformaður

Vera Illugadóttir, ritari

Jóhannes Þór Skúlason, gjaldkeri

Hannes Sasi Pálsson, meðstjórnandi

Sveinn Kjartansson, meðstjórnandi

Leifur Örn Gunnarsson, meðstjórnandi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 21. mars 2025. Stjórn fundaði formlega 20 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

Áheyrnarfulltrúi félagaráðs í stjórn var Sigríður Ösp Elínborgar.

FÉLAGARÁÐ

Félagaráð Samtakanna '78 2025–2026 var skipað eftirfarandi félögum:

Anna Katrín Guðdísardóttir

Ragnar Pálsson, oddviti

Hrafnhildur Þórólfsdóttir

Sigríður Ösp Elínborgar, áheyrnarfulltrúi í stjórn

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

HAGSMUNARÁÐ

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum félagaráðs. Hagsmunaráð Samtakanna '78 2025–2026 var skipað eftirfarandi félögum:

Þorbjörg Bergmann, Ásar á Íslandi
Sigurður Júlíus Guðmundsson, Bangsafélagið
Sindri Freyr Bjarnason, BDSM á Íslandi
Jórunn Þórkötludóttir, FAS – félag aðstandenda og foreldra
Kitty Anderson, Intersex Ísland
Franz Halldór Eydal, HIN – Hinsegin norðurland
Natalía Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska, Hinsegin Austurland
Guðrún Steinunn Gunnarsdóttir, Hinsegin Vesturland
Helga Haraldsdóttir, Hinsegin dagar
Rannveig Sigurvinsdóttir, Hinsegin kórinn
Alex Falting, Q – félag hinsegin stúdenta
Reyn Alpha Magnúsar, Trans Ísland
Birna Björg Guðmundsdóttir, Trans vinir

UNGMENNARÁÐ

Á árinu var skipað nýtt ungmennaráð undir handleiðslu verkefnastýru Ungmennahúss og skipar 10 fulltrúa.

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðlaugur Kristmundsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir voru kjörin skoðunarmenn reikninga á aðalfundi 2025.

FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Á félagsfundi sl. vor var uppfærð aðgerðaráætlun samtakanna gegn áreitni, einelti og ofbeldi kynnt. Samkvæmt henni skal starfrækja fagrád en það skipa Karitas Harðardóttir og Katrín Oddsdóttir.

HINSEGIN DAGAR – REYKJAVÍK PRIDE

Hinsegin dagar halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Þá eru Hinsegin dagar í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið ein af borgarhátíðum Reykjavíkur frá árinu 2017 og í haust fengu Hinsegin dagar fastan samning við borgina sem var mikið fagnaðarerindi.

Hinsegin dagar 2025 fóru fram í Reykjavík 5.–10. ágúst. Yfirskrift hátíðarinnar var *Samstaða skapar samfélag* og er það öflug áminning um að samfélög sem byggja á virðingu, stuðningi og samstöðu verða sterkari, öruggari og sanngjarnari fyrir öll. Íslendingar hafa alltaf getað staðið saman, rétt eins og hinsegin samfélagið og við þurfum öll að halda áfram baráttunni saman. Helsta nýlunda frá því á árunum áður hélt áfram, en það voru regnbogaráðstefna, heildstæð ungmennadagskrá og starfsemi Pride Center í Iðnó. Þá var verkefnastýra ráðin inn í fullt starf í júlí og ágúst sem varð svo að hlutastarfi eftir það. Hátíð ársins var víðfeðm og fjölbreytt og ómögulegt að telja upp alla viðburði og verkefni, auk þeirra sem hér er getið að ofan. Almennt tókust hátíðarhöld vel; Hið árlega tímarit í ritstjórn Bjarndísar Helgu Tómasdóttur var gefið út og dreift um land allt. Gleðigangan var fjölmenn og fjölbreytt, opnunarhátíðin í Sjálfstæðissalnum á Parliament Hotel vel sótt og fengu Hinsegin dagar hina stórkostlegu Fortune Feimster til að koma með sýninguna sína *Taking Care of Biscuits*. Sýningin var haldin í Háskólabíó og var Faye Knús sérlegur veislustjóri og kynnir auk þess sem Sóley Kristjáns og Sindri Sparkle hituðu upp mannskapinn. Lag Hinsegin daga var *Öðruvísi*, sungið og samið af tónlistarmanninum TORFA og hlaut lagið góðar viðtökur og vakti mikla lukku meðal gesta hátíðarinnar. Stjórn Hinsegin daga þakkar öllum þeim frábæru sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg við að gera hátíðina jafn fjölbreytta og raun bar vitni. Það er ómetanlegt!

Hinsegin dagar verða næst haldnir í Reykjavík dagana 4.–9. ágúst 2026.

TRANS ÍSLAND

Starfsár Trans Íslands einkenndist einna helst af vinnu við stór og umfangsmikil, en jafnframt tímabær verkefni. Má þar nefna hönnunarstaðal fyrir félagið, sjónvarpsþætti og nýjan vef, en vinna við síðarnefndu verkefni tvö er á lokametrunum. Viðburðahald gegndi mikilvægum þætti í starfi félagsins sem endranær og hélt félagið sína þrjá árlegu viðburði: minningardag trans fólks, pride-grill og kváradagsgleðina, auk þess sem vikulegu íþróttatímarnir Sterkari saman héldu áfram göngu sinni. Viðburðir félagsins voru almennt vel sóttir og áþreifanlegt ákall hefur verið frá samfélaginu um enn öflugra viðburðastarf. Á starfsárinu opnaði Trans Ísland vefverslun í fjáröflunarskyni fyrir félagið. Þar hafa verið seldir bolir og límmiðar með skilaboðunum *Trans líf eru mannlíf*, í hönnun Ara Logns, og standa vonir til að hægt verði að fjölga vörutegundum á komandi starfsári.

Félagið tók þátt í Gleðigöngunni undir yfirskriftinni *Sterkust saman* og var lögð áhersla á mikilvægi samstöðu bæði innan trans samfélagsins og innan hinsegin samfélagsins alls. Fulltrúar félagsins tóku þátt í ráðstefnum og samvinnuverkefnum bæði hérlendis og erlendis. Einnig var fjölmörgum tilfallandi verkefnum sinnt, svo sem aðstoð við meðlimi samfélagsins, þátttöku í ýmsum viðburðum, samráð við stjórnvöld og fjölmiðlaframkomu. Stjórn Trans Íslands átti í góðu samstarfi við Samtökin '78 á árinu og fundaði reglulega með stjórn og framkvæmdastjóra þeirra.

Lítið er að fréttu af breytingum hvað varðar aðgengi trans fólks að kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu hérlendis, en Trans Ísland átti líkt og fyrri ár í góðu samstarfi við transteymi Landspítala, sem hefur haldið áfram að þróa þjónustu sína og fékk nýlega til

sín nýjan yfirlækni, Asa Elían Radix. Vonir standa til um að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026–2029 leiði einhverjar breytingar í ljós og verður spennandi að fylgjast með því á komandi starfsári.

BANGSAFÉLAGIÐ

Á starfsárinu 2024–2025 hélt Bangsafélagið upp á fimm ára afmæli sitt og tuttugu ár frá fyrstu Bears on Ice hátíðinni. Ný stjórn var kjörin 19. október 2024 og hélt hún alls 17 formlega fundi auk reglulegra samskipta yfir árið.

Áhersla ársins var aukinn sýnileiki og öflugra starf allt árið um kring. Haldnir voru átta staðbundnir viðburðir, þar á meðal Bangsabingó, Jólasmákökuskípti, sundferð, bíókvöld, fyrsta bangsahittinginn á Akureyri, Grill-zzly BBQ og kvikmyndasýning í samstarfi við Samtökin '78. Sérstök áhersla var lögð á Hinsegin daga með stærsta fleyi félagsins til þessa og vel heppnuðu opnu partýi að lokinni göngu. Með þessu hefur félagið styrkt stöðu bangsa innan hinsegin samfélagsins og skapað sýnilegt og öruggt rými fyrir fjölbreyttan hóp.

Reykjavík Bear tók stakkaskiptum. Í fyrsta sinn voru boðnir þrír mismunandi viðburðapassar til að mæta ólíkum þörfum gesta. Salan var mjög góð og var aðeins einum passa frá metárinu 2023 (90 passar). Þá seldust 31 samsettur miði, 78 aukamiðar á Top-off partýið og 31 miði á nýjan hápunkt helgarinnar.

Stærsta nýjungin var fyrsta Mr. Reykjavík Bear keppnin sem leysti hefðbundið laugardagspartý af hólmi. Keppnin heppnaðist afar vel og skapaði sterka samstöðu og stolt innan samfélagsins. Jóhann Örn B. Benediktsson var krýndur fyrsti titilhafi en hann hefur þegar unnið gríðarlega mikið og gott starf sem fulltrúi samfélagsins heima og á alþjóðlegum vettvangi.

Reykjavík Bear og starf Bangsafélagsins fékk verulega fjölmiðlaumfjöllun og samfélagsmiðlar félagsins sýndu áframhaldandi vöxt. Alls komu 26 sjálfboðaliðar að starfinu á árinu og voru lykilsforsenda árangurs.

HINSEGIN VESTURLAND

Árið 2025 var ákveðið að halda Hinseginhátíðina í Borgarnesi og einkenndist veturinn af undirbúningi þeirrar hátíðar. Við vorum með fjölbreytta dagskrá í samstarfi við Hollvinasamtök Borgarness þar sem 5 dagar voru undirlagðir af ýmsum viðburðum þessa hátíðarhelgi.

Hinsegin Vesturland stóð fyrir pöbbskvissi með hinsegin fræðslu/skemmti spurningum, Regnbogamessu í kirkjunni þar sem kór og einsöngvari komu fram. Við buðum svo í borgara eftir messu í Grímshúsi þar sem fólk gat spjallað saman og hitt nýja og gamla kunningja. Þá mættum við í Síðdegisútvarp Rásar 2 og spjölluðum um ýmsar hliðar hátíðarinnar og margbreytileikans. Við höldum stóra og flotta gleðigöngu þar sem gleðin og litadýrðin var við völd, seldum varning til fjáröflunar og til að dreifa litagleðinni sem víðast, vorum með skemmtidagskrá á útisviði eftir göngu og enduðum vel heppnaða helgi á balli í Hjálmakletti.

Síðastliðið vor mættum við í Menntaskóla Borgarfjarðar í lífsnámsviku og kynntum okkar starf og vorum með leiki fyrir nemendur og starfsfólk. Eins gáfum við bókina *Úlfur og Ylfa* í leik og grunnskóla. Í grunnskóla og framhaldsskóla gáfum við einnig bókina *Hættið þessu fíkti strákar*.

Á fundum var rætt hvernig við viljum sjá starf Hinsegin Vesturlands og Hinseginhátíðarinnar í framtíðinni og er verið að vinna úr þeim gögnum.

HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður síðsumars 2011. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman, vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu og vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opinn að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Aðalfundur Hinsegin kórsins var haldinn 4. október 2025. Núverandi stjórn félagsins skipa: Auður Emilsdóttir (formaður), Sigurður Freyr Ástþórsson (varaformaður), Arndís Arnarsdóttir (gjaldkeri), María Erla Bogadóttir (ritari) og Rebekka Skarphéðinsdóttir (meðstjórnandi).

Á árinu hélt Hinsegin kórinn áfram hefðbundnu kórastarfi. Í maí voru haldnir vortónleikar sem voru vel sóttir. Í júní tók kórinn þátt í norræna hinseginróamótinu Queertune sem haldið var í Kaupmannahöfn en kórinn tók þar við keflinu og hefur hafið undirbúning fyrir næsta Queertune, sem haldið verður í Reykjavík 2027! Í desember voru haldnir tvennir jólatónleikar sem tókust gríðarlega vel.

Helga Margrét Marzellíusardóttir stjórnar kórnum sem fyrr og félagar eru nú um 75 talsins.

ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómantískra (e. asexual and aromantic) og var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að fræða gegn fordómum, vera til staðar fyrir eikynhneigða og eirómantíska og vinna gegn einangrun þeirra. Mikilvægt er að þau sem finna lítið eða ekkert fyrir kynferðislegri og/eða rómantískri aðlöðun séu viðurkennd og að þau njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Félagið hefur tekið þátt í Gleðigöngunni og gefið út fræðslubæklinga. Einnig eru reglulega haldnir hittingar í húsnæði Samtakanna '78 þar sem öll þau sem láta sig málefnið varða eru velkomin. Heimasíða samtakanna er asara.islandi.is en félagið er líka með Instagram, Facebook og Bluesky síðu þar sem alltaf er opið fyrir spurningar og athugasemdir

BDSM Á ÍSLANDI

BDSM á Íslandi var stofnað árið 1998 og er hagsmuna- og fræðslufélag BDSM-fólks. Á liðnu starfsári hefur áhersla verið lögð á fræðslustarf til félagsfólks og var boðið upp á bæði formlega fræðsluviðburði og óformlegri umræðuhópa um afmörkuð efni. Undanfarin ár hafa einkennst af þungri undiröldu vegna bakslags í sýnileika- og réttlætisbaráttu hinsegin fólks um allan heim og okkar félagsfólk hefur ekki farið varhluta af því. Því þótti félaginu mikilvægt að halda áfram að reyna að vekja athygli almennings á mýkri og mannlegri hliðum BDSM, með það fyrir augum að leiðrétta þá ímynd sem fólk hefur af BDSM-fólki.

Q-FÉLAGIÐ

Q – félag hinsegin stúdenta er hagsmunafélag fyrir hinsegin stúdenta og ungt hinsegin fólk á Íslandi. Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og beitir sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á Íslandi, innan og utan háskólasamfélagsins. Markmið félagsins eru fjölbreytt, en þau má lista sem eftirfarandi: Að gefa hinsegin stúdentum og ungmennum tækifæri til að hittast í öruggara rými; vera sýnilegt þrýstiafl innan háskólasamfélagsins og stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, með því að auka fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknir um hinsegin málefni innan deilda allra háskóla, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Auk þess leggur Q-félagið áherslu á að styðja við baráttu annarra jaðarsettra hópa með því að mæta á mótmæli og nota þann vettvang sem félagið hefur til þess að hefja upp raddir annarra hópa.

